

2012

Umhverfisskýrsla



Gæðadeild
Vegagerðin



Útgefandi: Vegagerðin

Ritstjóri: Matthildur B. Stefánsdóttir

Forsíðumynd: Höfnin í Flatey á Breiðafirði. Matthildur B. Stefánsdóttir.

Prentun: Skýrslan er aðeins gefin út á PDF formi.

Efnisyfirlit

1 Inngangur	5
1.1 Ávarp vegamálastjóra	5
1.2 Um Vegagerðina.....	7
1.3 Umhverfisstefna Vegagerðarinnar	8
2 Grænt bókhald	9
2.1 Röskun lands	11
2.1.1 Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.....	11
2.1.2 Eftirlit Umhverfisstofnunar	11
2.1.3 Tilfærsla jarðefna og landmótun.....	12
2.1.4 Votlendi.....	14
2.1.5 Reglur um innra mat á umhverfisáhrifum.....	14
2.1.6 Hlíting skilyrða í mati á umhverfisáhrifum	15
2.1.7 Varðan - Viðurkenning vegna hönnunar og frágangs	15
2.2 Umferðarhávaði	16
2.3 Eldsneyti og olíur.....	17
2.3.1 Akstur	17
2.3.2 Flug.....	18
2.3.3 Vistvæn og visthæf farartæki.....	18
2.4 Asfalt	20
2.5 Eiturefni og hættuleg efni	21
2.5.1 Terpentína (white spirit)	22
2.5.2 Þvottaefni til olíu- og tjörupvotta	22
2.5.3 Viðloðunarefni	24
2.5.4 Vegmálning	24
2.5.5 Önnur eiturefni og hættuleg efni.....	25
2.5.6 Hættutákn í stað varnaðarmerkja.....	26
2.6 Spilliefni.....	26
2.7 Fastur úrgangur.....	27
2.8 Fráveitur og skólp.....	29
2.9 Gamlar námur	29
2.9.1 Nýjar námur	30
2.10 Steinefni	31
2.11 Loftmengun vegna umferðar á vegum	32
2.11.1 Losun CO ₂ á landsvísu	32
2.11.2 Aðgerðir Vegagerðarinnar til að draga úr losun CO ₂	33
2.11.3 Svifryk.....	34
2.11.4 Loftmengun á framkvæmdasvæðum.....	35

2.12 Hálkuvarnir og rykbinding	36
2.13 Landgræðsla	37
2.14 Sprengingar	37
2.15 Frásog frá vélaverkstæðum.....	38
2.16 Aflagðar brýr	38
2.17 Aðrir umhverfisþættir	39
2.17.1 Pappír og prentþjónusta	39
2.17.2 Prentþjónusta	40
2.17.3 Ræstiefni	40
2.17.4 Rafmagn og rafhitun	41
2.17.5 Heitt vatn	42
3 Samfélagsþættir	45
3.1 Samgönguáætlun og umhverfið	45
3.2 Öryggi starfsmanna og verktaka	46
3.2.1 Öryggisstefna	46
3.2.2 Umhverfis- og öryggisnefndir	46
3.2.3 Öryggisáætlun verktaka/ Áætlun um öryggi á vinnusvæði.....	46
3.3 Norrænt samstarf.....	47
Viðaukar	49
I Starfsleyfi verkstæða og þjónustustöðva og starfsleyfisskilyrði	50
II Yfirlit um röskun og endurheimt votlendis – Votlendisbókhald	52
III Frágangur eldri efnistökusvæða 2012, yfirlit yfir námufrágang 2000 – 2012 og drög að áætlun um frágang árið 2013 - Greinargerð jarðfræðideildar	53
IV Skilgreiningablað – dæmi.....	58
V Skipan umhverfisnefnda	60
VI Umhverfis- og öryggisnefndir og -ráð Vegagerðarinnar - Ársskýrslur 2011	62
Umhverfis- og öryggisnefnd Vesturlands.....	62
Umhverfis- og öryggisnefnd Suðvesturlands	62
Umhverfis- og öryggisnefnd Norðurlands eystra.....	63
Umhverfis- og öryggisnefnd Norðurlands vestra.....	63
Umhverfis- og öryggisnefnd Vestfjarða	64
Umhverfis- og öryggisnefnd Suðurlands.....	64
Umhverfis- og öryggisnefnd Austurlands	65
Umhverfis- og öryggiráð	65
VII Staða innleiðingar umhverfiskerfis um áramót 2012 / 2013.....	67

1 Inngangur

1.1 Ávarp vegamálastjóra

Eitt af meginmarkmiðum Vegagerðarinnar er Góð sambúð vegar og umferðar við umhverfi og íbúa. Allir starfsmenn Vegagerðarinnar bera ábyrgð á að fylgja þessu meginmarkmiði Vegagerðarinnar eftir og stuðla þar með að betra umhverfi fyrir núlifandi og komandi kynslóðir.

Uppbygging vega og annarra samgöngumannvirkja hefur áhrif á náttúruvernd og farartæki valda mengun. Töluvert hefur verið gert til þess að reyna að innleiða sjónarmið sjálfbærrar þróunar við stjórn samgöngumála hér á landi. Í samgönguáætlun, sem samþykkt var á Alþingi í júní 2012, eru umhverfislega sjálfbærar samgöngur eitt af fimm höfuðmarkmiðum. Tilgreint er til hvaða aðgerða eigi að grípa til þess að ná þessu markmiði og sérstök áhersla lögð á almenningsamgöngur, göngu og hjóltreiddar auk þess sem draga á markvisst úr hávaða- og loftmengun.

Vinna við innleiðingu umhverfisstjórnunarstaðalsins ISO14001 hélt áfram á árinu og er nú farið að sjá fyrir endann á þeirri vinnu.

- Verklagsreglur um innkaup m.t.t. umhverfismála voru endurskoðaðar ásamt gátlista, í samvinnu við Ríkiskaup. Breytingarnar tóku gildi á þessu vori. Þar með hefur Vegagerðin uppfyllt kröfur ISO14001 í innkaupamálum.
- Endurskoðun á verklagsreglu um rýni stjórnenda m.t.t. ISO14001 var unnin og samþykkt.
- Gerð hefur verið óformleg innri úttekt á öllum þjónustustöðvum og verkstæðum, nema tveimur, auk þess sem unnin hefur verið vinnulýsing og áhættumat, og farið yfir hvar úrbóta er þörf. Þessari vinnu mun ljúka á árinu 2013. Þar með er ekkert því til til fyrirstöðu að hefja innri úttektir á þjónustustöðvum og verkstæðum.

Gera þarf kröfur til birgja og þjónustuaðila í umhverfismálum og ljúka vinnu við mælitækjaskrá m.t.t. krafna staðalsins. Gerð er krafa um þessa málaflokka skv. bæði gæða- og umhverfisstjórnunarstöðlum. Nú stendur yfir vinna við gæðastýringu fyrir birgðir Vegagerðarinnar.

Annað það sem Vegagerðin á eftir að gera til að uppfylla allar kröfur umhverfisstjórnunarstaðalsins er að endurskoða verklagsreglu um fræðslu og þjálfun starfsmanna, að gera þjálfunar- og fræðsluáætlun um umhverfismál og að meta fræðsluþörf. Auk þess þarf Vegagerðin að skilgreina mælanleg markmið, eins og gert var á árunum 2006-2010, og loks að hefja innri úttektir.

Öryggi starfsmanna skarast að nokkru leyti við umhverfismálin og er innleiðing öryggisstjórnunar hafin.

- Starfsmenn á þjónustustöðvum og verkstæðum Vegagerðarinnar hafa tekið saman lista yfir þau merkingarskyldu efni sem eru í notkun á hverjum stað og unnið hefur verið áhættumat fyrir efnin. Efnalistinn í heild ásamt öryggisblöðum er nú á heimasíðu Vegagerðarinnar.
- Haustið 2012 hélt Vegagerðin námskeið um notkun og meðferð merkingarskyldra efna og sóttu rúmlega 80 starfsmenn það námskeið.
- Öryggisleiðbeiningar fyrir asfaltbirgðastöðvar Vegagerðarinnar voru unnar og bætt við verklagsregluna Asphalt – birgðahald og afgreiðsla. Vinna við öryggis- og heilbrigðismál við hönnun, framkvæmd og eftirlit vegna vinnu við útlögn slitlaga stendur nú yfir.

Þann 1. júlí n.k. er fyrirhuguð sameining framkvæmdahluta Vegagerðarinnar og Siglingastofnunar. Þá fær stofnunin nýjar áskoranir varðandi umhverfisstjórnun hafna og vita. Endurskoða þarf umhverfisstefnu Vegagerðarinnar í ljósi þessa á komandi ári og endurmeta áherslur og gildi í umhverfismálum.

Hreinn Haraldsson




Mynd 1. Vörðuna, viðurkenningu Vegagerðinnar fyrir mannvirki 2008-2010, hlaut verkefnið Djúpvegur, Reykjanes-Hörtná. Hluti af þeim vegi er þverun Mjóafjarðar með 130 m langri stálbogabru (Helga Aðalgeirsdóttir).

1.2 Um Vegagerðina

Vegagerðin er veghaldari þjóðvega samkvæmt vegalögum. Hlutverk hennar er skilgreint þannig: Að þróa og sjá um vegakerfið á sem hagkvæmasta hátt með þarfir samfélagsins, öryggi vegfarenda og umhverfissjónarmið að leiðarljósi. Með þessu er átt við að samgöngur séu tryggar allt árið með eins litlum tilkostnaði og eins miklum þægindum og hægt er fyrir vegfarendur. Sérstök áhersla er lögð á samgöngur innan þjónustusvæða og að leiðarvísun sé eins skilmerkileg og frekast er kostur. Við gerð vega og viðhald þeirra er lögð sérstök áhersla á að slys verði sem fæst á vegfarendum ekki síst hinum óvarða eða gangandi vegfaranda. Reynt er að taka sem mest tillit til óska vegfarenda og að sambúð vegar og umferðar við umhverfi og íbúa sé sem best. Vegagerðin vinnur að því að valda eins lítilli mengun og hægt er og sýna náttúru og minjum tillitsemi.

Vegagerðin skiptist í miðstöð og fjögur svæði. Í miðstöð fer fram vinna við stefnumótun fyrir Vegagerðina og stjórnun hennar í heild. Svæði Vegagerðarinnar voru á árinu Suður-, Suðvestur-, Norðvestur- og Norðaustursvæði. Svæðin annast framkvæmdir, viðhald og rekstur vegakerfisins og sjá um að veita vegfarendum þjónustu innan síns svæðisins. Í janúar 2013 tók gildi nýtt skipulag og beytt svæðaskipting, en svæðin verða áfram fjögur. Sjá mynd 2.

Vegagerðin vinnur að því að innleiða gæða- og umhverfisstjórnunarkerfi í samræmi við kröfur ISO staðlanna. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um innleiðingu öryggisstjórnunarkerfis skv. OHSAS staðlinum en innleiðing hans er í raun hafin að hluta, m.a. vegna tengsla við umhverfisstjórnunarkerfið.



Mynd 2. Nýtt skipulag frá áramótum 2012/2013.

Yfirstjórn Vegagerðarinnar tók ákvörðun um innleiðingu umhverfisstjórnunarkerfis skv. ISO14001 árið 1997 og var hún fyrst ríkisstofnana til að hefja innleiðingu umhverfisstjórnunar. Yfirstjórn tók síðan ákvörðun um innleiðingu gæðastjórnunarkerfis skv. ISO9001 árið 2001. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um að fara í vottun á þessum stjórnkerfum Vegagerðarinnar.

Grænt bókhald fyrir árið 2012 nær yfir starfsemi Vegagerðarinnar um allt land, en Vegagerðinni er þó ekki skylt að halda grænt bókhald samkvæmt reglugerð um grænt bókhald.

Við skipulagsbreytingar 1. janúar 2013 færðist umhverfisstjórnunin frá áætlana- og umhverfiseild til gæðadeildar. Innleiðing gæða-, umhverfis- og öryggisstjórnunar er því öll komin undir sama þak innan stofnunarinnar.

Í ársbyrjun 2013 hafði Vegagerðin aðsetur á nítján stöðum á landinu. Aðalhúsnæði miðstöðvar er í Borgartúni í Reykjavík en útibú hennar eru á svæðismiðstöðvum auk Ísafjarðar og Sauðárkróks. Svæðismiðstöðvarnar eru á Selfossi, í Borgarnesi, á Akureyri og Reyðarfirði. Þá rekur Vegagerðin þjónustustöðvar í Hafnarfirði, Ólafsvík, Búðardal, á Patreksfirði, Hólmavík, Hvammstanga, Húsavík, Þórshöfn, Vopnafirði, í Fellabæ, á Höfn og í Vík. Loks eru vélaverkstæði rekin í Borgarnesi, á Ísafirði, Akureyri og Reyðarfirði.

Fastir starfsmenn voru 286 í ársbyrjun 2013.

1.3 Umhverfisstefna Vegagerðarinnar

Vegagerðin hefur einsett sér að vera í fararbroddi í umhverfismálum. Hún hefur haft umhverfisstefnu sína að leiðarljósi síðan 1998 og skuldbundið sig til að vinna með markvissum aðgerðum að því að lágmarka umhverfisáhrif starfseminnar. Meginmarkmið umhverfisstefnu Vegagerðarinnar er góð sambúð vegar og umferðar við umhverfi og íbúa.

. Til að þetta náí fram að ganga hefur Vegagerðin ákveðið að vinna samkvæmt eftirfarandi:

- Við hönnun og byggingu vegakerfisins kappkostar Vegagerðin að varðveita fjölbreytni náttúrunnar, vistkerfi, náttúruminjar, náttúruverndarsvæði og menningarverðmæti, en um leið að tryggja öryggi vegfarenda.
- Vegagerðin gengur vel um umhverfið og leggur áherslu á að röskun lands á byggingartíma takmarkist við framkvæmdasvæði og að frágangur sé til fyrirmyndar. Vegagerðin leitast við að lágmarka truflandi áhrif á lífríki á framkvæmdatíma.
- Hönnun vega verði þannig að kröfur gildandi reglugerða um hljóðvist séu uppfylltar.
- Vegagerðin vinnur að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og annarri mengun frá starfseminni, en einnig frá umferð á þjóðvegum m.a. með veghönnun, styttingu leiða, bundnum slitlögum og staðsetningu náma.
- Við innkaup á vörum og þjónustu tekur Vegagerðin tillit til umhverfissjónarmiða.
- Vegagerðin nýtir auðlindir sem best og stefnir að því að minnka sorpmagn með því að vinna að aukinni endurnýtingu og endurvinnslu. Jafnframt er öðrum úrgangi og spilliefnum fargað á viðurkenndan hátt.
- Vegagerðin sér til þess að starfsmenn þekki umhverfisstefnuna og hafi þekkingu og hæfni til að vinna í samræmi við hana.
- Vegagerðin sér til þess að birgjar og verktakar þekki umhverfisstefnuna og umhverfiskröfur Vegagerðarinnar.
- Vegagerðin tryggir að starfsemin sé í samræmi við gildandi lög og reglur um umhverfismál.

Vegagerðin vaktar þýðingarmikla umhverfisþætti skráir í grænt bókhald til að tryggja stöðugar umbætur, í samræmi við kröfur umhverfisstjórnunarstaðla ISO 14001.



Mynd 3. Vegagerð í Kjálkafirði (G. Pétur Matthíasson).

2 Grænt bókhald

Yfirmaður umhverfismála skilgreinir mögulega umhverfisþætti í starfsemi Vegagerðarinnar út frá greiningu á starfseminni. Hann metur möguleg umhverfisáhrif og tekur afstöðu til mikilvægis umhverfisþáttanna, með hliðsjón af umhverfisstefnunni, verklagsreglunni *Greining umhverfisþátta* og vinnureglunni *Umhverfisáhrif og mat á mikilvægi umhverfisþátta*, og leggur fyrir yfirstjórn til umfjöllunar og samþykkis.

Yfirstjórn ákvarðar hvort og fyrir hvaða umhverfisþætti á að birta upplýsingar í umhverfisskýrslu.

Stjórnendur, hver á sinni starfsstöð, skulu upplýsa yfirmann umhverfismála um breytingar á starfseminni svo sem nýja þjónustu, ný efni og breyttar vinnuaðferðir. Yfirmaður umhverfismála endurskoðar reglulega ákvarðanir um flokkun og greiningu umhverfisþátta í tengslum við rýni stjórnenda og ef breytingar hafa orðið á starfsemi eða kröfum í lögum og reglugerðum.

Stjórnandi starfsstöðvar greinir hugsanlegar aðstæður þar sem skortur á verklagi gæti leitt til óæskilegra umhverfisáhrifa. Hann setur fram og viðheldur vinnulýsingu um stýringu þýðingarmikilla umhverfisþátta á sinni starfsstöð. Í vinnulýsingunni er skráð hvaða umhverfisþættir eru vaktaðir, hvaða aðferð er notuð við vöktun og skráningu, ábyrgðarmaður er tilgreindur sem og viðmið vegna vöktunar eins og við á.

Þýðingarmiklir umhverfisþættir Vegagerðarinnar eru þeir sem verða fyrir áhrifum af rekstri hennar og framkvæmdum. Vegagerðin stýrir þessum þýðingarmiklu umhverfisþáttum og vaktar þá eins og kostur er. Eftirtaldir þættir hafa verið metnir þýðingarmiklir:

1. Röskun lands
2. Umferðarhávaði
3. Eldsneyti og olíur
4. Asfalt
5. Eiturefni og hættuleg efni
6. Spilliefni
7. Fastur úrgangur
8. Fráveitur og skólp

Nú þegar er öllum þessum þáttum stýrt og þeir vaktaðir, en stöðugt er unnið að endurbótum.

Aðrir þýðingarmiklir umhverfisþættir sem Vegagerðin telur nauðsynlegt að þekkja og stýra, en þó ekki nauðsynlegt að vakta, samkvæmt ofangreindri vinnulýsingu, eru:

- | | |
|---------------------------------------|-------------------------------|
| 9. Gamlar námur | 13. Landgræðsla |
| 10. Steinefni | 14. Sprengingar |
| 11. Loftmengun vegna umferðar á vegum | 15. Frásog frá vélaverkstæðum |
| 12. Hálkuvarnir og rykbinding | 16. Aflagðar brýr |

Þýðingarmiklum umhverfisþáttum er stýrt m.a. með verklagsreglum, leiðbeiningum og útboðsgögnum.

Aðrir umhverfisþættir sem Vegagerðin telur ekki nauðsynlegt að viðhalda upplýsingum um samkvæmt ofangreindum vinnureglum eru:

- Veglýsing
- Vegrið
- Vegstikur
- Súrefni sem notað er við logsuðu
- Orku- og vatnsnotkun
- Pappír
- Skrifstofuvörur
- Tölvur
- Prentarar og önnur smærri raftæki
- Húsbúnaður
- Matvörur
- Timbur
- Málmar
- Hjólbarðar
- Varahlutir
- Vinnufatnaður
- Einnota rekstrarvörur svo sem plastpokar, plastmál og pappírþurrkur

Um þessa þætti gilda stefnumið umhverfisstefnunnar:

Við innkaup á vörum og þjónustu tekur Vegagerðin tillit til umhverfissjónarmiða.

Vegagerðin nýtir auðlindir sem best og stefnir að því að minnka sorpmagn með því að vinna að aukinni endurnýtingu og endurvinnslu. Jafnframt er öðrum úrgangi og spilliefnum fargað á viðurkenndan hátt.

Sumum þessara þátta er stýrt með innkaupastefnu og -reglum.

Verkefnið vistvæn innkaup (vinn.is) er samstarfsvettvangur opinberra aðila um innleiðingu og vinnu að vistvænum innkaupum. Verkefnið óskaði í febrúar eftir því að Vegagerðin skilaði grænu bókhaldi um ýmsa þætti sem varða skrifstofurekstur o.fl. Á vefsíðu verkefnisins vinn.is er birt frammistaða stofnana ríkisins í umhverfismálum. Birtar eru upplýsingar um notkun þeirra á pappír, ræstiefnum, eldsneyti o.fl. Grænt bókhald Vegagerðarinnar sem hefur verið haldið frá árinu 1998 er þó mun umfangsmeira og er birt í heild hér á eftir.



Mynd 4. Svaðbælisá (G. Pétur Matthíasson).

2.1 Röskun lands

Stefnumið umhverfisstefnu sem eiga við þennan umhverfisþátt:

Við hönnun og byggingu vegakerfisins kappkostar Vegagerðin að varðveita fjölbreytni náttúrunnar, vistkerfi, náttúruminjar, náttúruverndarsvæði og menningarverðmæti, en um leið að tryggja öryggi vegfarenda.

Vegagerðin gengur vel um umhverfið og leggur áherslu á að röskun lands á byggingartíma takmarkist við framkvæmdasvæði og að frágangur sé til fyrirmyndar. Vegagerðin leitast við að lágmarka truflandi áhrif á lífríki á framkvæmdatíma.

Þessi umhverfisþáttur er einn sá þýðingarmesti í rekstri Vegagerðarinnar og sá sem vegfarendur verða mest varir við. Hann hefur því mikil áhrif á ímynd Vegagerðarinnar. Um er að ræða röskun lands vegna mælinga og framkvæmda svo sem við nýframkvæmdir eins og veglagningu og brúarvinnu, frágang vega og landmótun vegsvæða og náma, röskun votlendis, akstur utan vega vegna landmælinga, og úrgang og olíusmit vegna vegavinnu. Umhverfisáhrifin eru að mestu staðbundin röskun á landslagi og jarðmyndunum, vatns-, jarðvegs- og loftmengun, sjónræn áhrif og breytingar á vistkerfum dýra og/eða plantna. Um umhverfisþáttinn gilda meðal annars lög um náttúruvernd og lög um mat á umhverfisáhrifum.

Fyrirbyggjandi stýring hjá Vegagerðinni felur í sér:

- Að framkvæmdir fara í mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum.
- Samningur við Umhverfisstofnun um eftirlit með framkvæmdum.
- Útboðsgögn með kröfum til verktaka um umgengni og frágang.
- Verklagsreglur um frágang gamalla efnisnáma og um gerð kynningargagna.
- Viðmið í hönnun eins og leiðbeiningar, veghönnunarreglur og verklýsingar.
- Varðan - Viðurkenning vegna hönnunar og frágangs.
- Vefurinn namur.is.

2.1.1 Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda

Að lokinni vinnu Vegagerðarinnar við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar skilar Skipulagsstofnun álit um mat á umhverfisáhrifum hennar. Viðkomandi sveitarstjórn tekur síðan rökstudda afstöðu til álitsins við veitingu framkvæmdaleyfis. Ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmdaleyfis er hægt að kæra til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála.

Skipulagsstofnun gaf ekki álit um mat á umhverfisáhrifum neinnar vegaf framkvæmdar á árinu.

Sjá nánar á www.skipulag.is og www.vegagerdin.is, Framkvæmdir, Umhverfismat og kynningargögn, Matsskýrslur.


2.1.2 Eftirlit Umhverfisstofnunar

Vegagerðin og Umhverfisstofnun gera árlega samning um eftirlit Umhverfisstofnunar með framkvæmdum og frágangi vegsvæða og náma.

2.1.3 Tilfærsla jarðefna og landmótun


Hér eru birtar tölur um tilfærslu jarðefna og landmótun í vegagerð árið 2012. Þær eru teknar saman á svæðisskrifstofum Vegagerðarinnar og byggja að mestu á útboðsgögnum.

Tafla 1. Tulfærsla jarðefna og landmótun við framkvæmdir 2012.							
Svæði	Færsla jarðefna þús. (m ³)			Mótun yfirborðs þús. (m ²)			
				Óraskað land		Raskað land	
	Undirbygging ¹⁾	Burðarlög	Slitlög	Vegir	Námur	Vegir	Námur
Norðaustursvæði	245.180	72.100	22.400	0	5.600	0	28.100
Norðvestursvæði	443.150	88.895	3.602	31.800	13.500	56.300	40.500
Suðvestursvæði	59.000	13.000	3.000	0	0	52.000	0
Suðursvæði	65.935	113.302	457.421	0	9.460	10.647	0
Alls:	813.265	287.297	486.423	31.800	28.560	118.947	68.600



Mynd 5. Tulfærsla jarðefna við vegagerð árin 2009-2012.


Þar sem Vegagerðin kaupir jarðefni af handhöfum námuréttar er frágangur á námum, þ.e. mótun yfirborðs á röskuðu landi, ekki skráður. Þetta á einkum við á Suðvestursvæði.



Mynd 6. Landmótun við vegagerð árin 2009-2012.

Ekki voru tekin jarðefni úr áreyrum, eldgígum, gervígum eða nútímahraunum á árinu.

Það fer stöðugt vaxandi að föst bergefni séu möluð til notkunar í burðarlög og slitlög en það er talið vistvænna, auk þess sem þannig næst oft betra efni. Af þeim 1.587 þús. m³ sem voru notaðir í undirbyggingu, burðarlög og slitlög á árinu var áætlað að um 157 þús. m³ væru unnir úr föstu bergi eða um 10%.



Mynd 7. Hlutfall af föstu bergi árið 2012 í vegagerð. Ljósbláa súlan sýnir hlutfallið á landsvísu.


2.1.4 Votlendi

Vegagerðin forðast röskun votlendis eins og mögulegt er. Bæði vegna þess að votlendi er almennt óheppilegt vegstæði og vegna náttúruverndarsjónarmiða. Vegagerðin færir votlendisbókhald sem sjá má í viðauka II og mynd 8. Röskun votlendis er skráð þegar viðkomandi framkvæmd er að fullu lokið. Endurheimtin er oft unnin árið á eftir og jafnvel líka næstu 2-3 ár.

Vegagerðin hefur haft samráð við Umhverfisstofnun og Votlendissetur um val á landi til endurheimtar, en almennt er reglan sú að sé votlendi raskað fari fram endurheimt á sambærilegu gróðurlendi í sama landsfjórðungi.

Á árinu voru endurheimtir 61 ha. votlendis á Vesturlandi, þ.e. á Reykhólum og við Bjarnarfjörð. Engu votlendi var raskað á árinu.

Frá árinu 1996 hefur Vegagerðin raskað alls 281 hektara af votlendi vegna framkvæmda sem farið hafa í mat á umhverfisáhrifum. Við mótvægisáðgerðir vegna þessara framkvæmda hafa verið endurheimtir 341 hektarar.



Mynd 8. Röskun og endurheimt votlendis vegna vegagerðar á árunum 1996 til 2012.

2.1.5 Reglur um innra mat á umhverfisáhrifum

Samkvæmt verklagsreglu um gerð og vistun kynningargagna skal yfirmaður áætlana og hönnunarkaupa á svæði skal láta útbúa kynningargögn fyrir nýbyggingaverk á vegáætlun. Markmiðið með þessu er að treysta og samræma upplýsingaflæði frá Vegagerðinni varðandi fyrirhugaðar framkvæmdir og samræma og kynna innra mat Vegagerðarinnar á öllum framkvæmdum.

Vegagerðin hafði um tíma það mælanlega markmið að þessi regla væri uppfyllt a.m.k. 80%. Mælikvarðinn var fjöldi verka, sem samið var um á árinu og voru á samgönguáætlun. Viðmið er listi yfir útboðsverk ársins.

Alls voru 11 nýbyggingaverk á samgönguáætlun og því kynningarskyld skv. verklagsreglu. Gerðar voru 6 matsskýrslur og/eða kynningargögn. Árangur var því undir væntingum eða 55%. Sjá töflu á næstu blaðsíðu.

Tafla 2. Útboðsverk 2012 sem voru á samgönguáætlun

Svæði	Útboðsverk	Mats- skýrsla	Kynn- ingar- skýrsla	Engin skýrsla	Alls
S-svæði	Hringvegur (1), hringtorg austan Selfoss, við Gaulverjabæjarveg (33)			1	
	Villingaholtsvegur (305), Gaulverjabæjarvegur - Ragnheiðarstaðir			1	
	Biskupstungnabraut (35), hringtorg við Borg í Grímsnesi			1	
	Biskupstungnabraut (35), tvö hringtorg við Reykholt			1	
SV-svæði	Reykjanesbraut (41), undirgöng við Straumsvík		1		
NV-svæði	Borgarfjarðarbraut (50), vegagerð um Reykjadalssá			1	
	Vestfjarðavegur (60), Eiði - Þverá	1			
	Strandavegur (643), Djúpvegur – Geirmundarstaðavegur		1		
NA-svæði	Skíðadalsvegur (807), Skáldalækur - Brautarhóll		1		
	Norðausturvegur (85), tenging við Vopnafjörð	1			
	Borgarfjarðarvegur (94) um Njarðvíkurá		1		
Fjöldi		2	4	5	11

2.1.6 Hlíting skilyrða í mati á á umhverfisáhrifum

Farið er yfir hlítingu skilyrða að framkvæmdum loknum. Engri matsskyldri framkvæmd lauk á árinu.

2.1.7 Varðan - Viðurkenning vegna hönnunar og frágangs

Vegagerðin veitir viðurkenningu vegna hönnunar og frágangs á þriggja ára fresti. Tilgangurinn er að efla vitund um útlit og frágang mannvirkja meðal starfsmanna og verktaka Vegagerðarinnar, stuðla að umræðu þar um og að vitna um ákveðinn vilja yfirstjórnarinnar á þessu sviði. Umhverfis- og öryggisnefndir Vegagerðarinnar tilnefna þau mannvirki sem þær telja skara framúr.

Vörðuna, viðurkenningu Vegagerðarinnar fyrir mannvirki 2008-2010, hlaut verkefnið Djúpvegur, Reykjanes-Hörtná. Hluti af þeim vegi er þverun Mjóafjarðar með 130 m langri stálbogabrá sem EFLA hannaði.

Í umsögn dómnefndarinnar kom eftirfarandi fram:

Vegurinn liggur um fjölbreytt og fallett landslag, um nes, firði, eyju og hálsa. Á honum eru nokkrar brýr, þar af ein yfir Reykjafjörð, önnur yfir Vatnsfjarðarós og þriðja yfir Mjóafjörð. Vegurinn er vel lagður og gjörbreytir samgöngum um Ísafjarðardjúp til hins betra. Landslagið meðfram veginum er vel lagað að óhreyfðu landi og uppgræðsla hefur tekist vel. Útsýnið af veginum er mjög fallett og brúin yfir Mjóafjörð er glæsilegt og minniststætt kennileiti í landslaginu. Aðrar brýr eru vel útfærðar. Áningarstaðir við brúna í Mjóafirði eru vel staðsettir til útivistar. Frágangur er á heildina litið góður, ekki allur fullkominn en heildaryfirbragð framkvæmdarinnar er mjög gott.

Viðurkenningin er veitt öllum sem komu að framkvæmdinni. Veghönnunardeild Vegagerðarinnar hannaði veginn, brúadeild Vegagerðarinnar hannaði brýr yfir Reykjafjörð og Vatnsfjarðarós, EFLA verkfræðistofa hannaði brúna yfir Mjóafjörð. Vegagerðin á Ísafirði hafði eftirlit og umsjón með framkvæmdinni og verktakar voru KNH og Vestfirskir verktakar.

2.2 Umferðarhávaði

Stefnumið umhverfisstefnu sem eiga við þennan umhverfisþátt:

Hönnun vegna verði þannig að kröfur gildandi reglugerða um hljóðvist séu uppfylltar.

Um er að ræða umferðarhávaða á þjóðvegum sem fer yfir mörk reglugerðar um hávaða.

Umhverfisáhrif vegna umferðarhávaða eru mest í þéttbýli. Áhrifin geta þó einnig verið í dreifbýli þar sem umferðarpungir þjóðvegir liggja nærri lögbýlum og frístundabyggðum.

Fyrirbyggjandi stýring hjá Vegagerðinni er þannig að:

- Um allar framkvæmdir skal gera skilgreiningarblöð og kynningargögn. Kynningargögnin taka mið af umfangi og umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar og er miðað við að hægt sé að meta lauslega helstu umhverfisáhrif sem hljótast af framkvæmdinni, á grundvelli þeirra, þ.m.t. hljóðstig.
- Stærri framkvæmdir fara í mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum en hljóðstig er umhverfisþáttur sem getur orðið þess valdandi að framkvæmd teljist vera matskyld.

Vöktun er í mati á umhverfisáhrifum einstakra framkvæmda og er árangur hljóðstigsútreikninga birtur í skýrslum um mat á umhverfisáhrifum.

Frummatsskýrslur vegna framkvæmda Vegagerðarinnar eru birtar á www.vegagerdin.is, Framkvæmdir, Umhverfismat og kynningargögn, Frummatsskýrslur.



Mynd 9. Við Skálanes (G. Pétur Matthíasson).

2.3 Eldsneyti og olíur

Einn af þýðingarmestu umhverfisþáttum Vegagerðarinnar er notkun á eldsneyti og olíum í rekstrinum.

Stefnumið umhverfisstefnu sem eiga við þennan umhverfisþátt:

Við innkaup á vörum og þjónustu tekur Vegagerðin tillit til umhverfissjónarmiða.

Vegagerðin vinnur að því að draga úr mengun frá starfseminni.


Um er að ræða allt eldsneyti og olíur sem notað er í rekstri Vegagerðarinnar svo sem bensín og smurolíur á bíla, vinnuvélar og smátæki, einnig olíutanka við starfsstöðvar Vegagerðarinnar sem ýmist eru niðurgráfnir, ofanjarðar eða færanlegir, svo og eldsneyti sem brennt er við flugferðir starfsmanna innanlands og –utan. Starfsemi Vegagerðarinnar kallar óhjákvæmilega á nokkur ferðalög starfsfólks vegna starfseminnar sem er um allt land. Ferðalögum er þó haldið í lágmarki m.a. með notkun fjarfundabúnaðar.

2.3.1 Akstur

Svokallaðir smábílar Vegagerðarinnar eru allir fólksbílar, óháð stærð, en ekki vörubílar eða vinnuvélar. Smábílarinnir eru notaðir við eftirlit með framkvæmdum, úttektir á vegakerfinu, ferðir á fundi o.fl.

Vegagerðin átti 126 bifreiðar, 96 vinnuvélar og 5 varaafstöðvar í árslok 2012. Olíuafgreiðslubúnaður er í notkun á 9 stöðum.

Á árinu voru keyptir 255.795 lítrar af dísilolíu og 32.742 lítrar af bensíni á smábíla. Heildarlosun CO₂ frá eldsneytinu var 766 tonn¹.




Mynd 10. Losun CO₂ frá smábílum í eigu Vegagerðarinnar árin 2011 og 2012.

Akstur smábíla á árinu var 2.483.852 km, en það er 6% aukning frá fyrra ári. Akstri hefur verið haldið í lágmarki frá haustinu 2008 þ.a. dálítill aukning á sér eðlilegar skýringar.

Tafla 3. Akstur smábíla Vegagerðarinnar í km 2011 og 2012

2011	2012
2.343.310	2.483.852

¹ Við útreikningana voru notaðir stuðlar úr skýrslu Orkuspárnefndar.



Mynd 11. Akstur í km pr. stöðugildi til vinstri og losun CO₂ í tonnum pr. stöðugildi til hægri, árin 2011-2012.

2.3.2 Flug

Starfsmenn Vegagerðarinnar flugu alls 505.498 km vegna starfa sinna á árinu 2012. Losun CO₂ vegna flugsins var alls um 51 tonn samkvæmt kolefnisreiknivél alþjóðaflugmálastofnunarinnar².

Tafla 4. Flug innanlands og utan 2012	
Alls flognir km	heildarlosun CO ₂ tonn
505.498	51,0

Sé tölunum deilt niður á 288 stöðugildi ársins er niðurstaðan eftirfarandi:

Tafla 5. Flug á stöðugildi 2012	
km/stöðugildi	tonn CO ₂ /stöðugildi
1.754	0,18

Starfsmenn þeirra 5 stofnana sem skiluðu samskonar upplýsingum til vinn.is fyrir árið 2011 flugu 8.000 km/stöðugildi þannig að samanburðurinn er Vegagerðinni í hag.

2.3.3 Vistvæn og visthæf farartæki

Hugtakið visthæf bifreið er notað um þau ökutæki sem nota bensín eða dísilolíu, en eru sérlega sparneytin og losa lítið magn CO₂. Vistvæn bifreið telst hins vegar sú sem gengur ekki fyrir jarðefnaeldsneyti og losar því ekki CO₂ úr fornum jarðlögum út í andrúmsloftið.

Smábílar Vegagerðarinnar eru aðallega notaðir úti á þjóðvegum landsins, en minna innan bæja landsins. Það hentar rekstri Vegagerðarinnar því sjaldnast að nota sparneytnustu fánlega smábíla. Þess í stað hefur stofnunin haft það að markmiði undanfarin ár að nýir smábílar verði með a.m.k. 10% lægra losunargildi en seldu bílarnir.

Á árinu voru seldir 20 smábílar en keyptir 16. Meðallosunargildi seldu smábíla var 234 CO₂ g/km en keyptir smábíla 199 CO₂ g/km, sjá töflu 6. Nýir smábílar voru því með 17,7% lægra losunargildi að meðaltali, sem er langt umfram sett markmið og því mjög góður árangur. Ef Vegagerðin heldur áfram því markmiði sínu að nýir smábílar verði með 10% lægra losunargildi en árið á undan má búast við því að keyptir smábílar verði með losunargildi undir 100 CO₂ g/km fyrir árið 2020, að því gefnu að bílar framleiddir með svo lágum gildum muni henti rekstrinum.

² <http://www2.icao.int/en/carbonoffset/Pages/default.aspx>

Tafla 6. Losunargildi keyþtra og seldra smábíla árið 2012.

Keyptir Bílar	Fjöldi	CO ₂ g/km
Subaru Forester 4X4 disel	1	158
Nissan X-Trail 4X4 disel	2	188
Ford Transit 350L 4X4 disel	2	252
Volkswagen Transporter DC 4X4 disel	1	221
Toyota Hilux DC 4X4 disel	3	193
Isuzu D-Max DC 4X4 disel	3	237
Skoda Yeti 4X4 disel	4	157
Meðaltal CO₂ g/km keyþtra bíla með þekkt losunargildi		199
Seldir Bílar		
Skoda Octavia 4X4 bensín	3	211
Volkswagen Transporter 4X4 disel	3	253
Mazda DC 4X4 disel	3	255
Mazda DC 4X4 disel	3	255
Hyundai Tucson 4X4 disel	3	210
Mitsubishi L200 4X4 DC disel	1	225
Isuzu D-Max DC 4X4 disel	3	237
Toyota Hiace 4X4 disel	1	185
Meðaltal CO₂ g/km seldra bíla með þekkt losunargildi		234



Mynd 12. Á þingvöllum (G. Pétur Matthíasson).

2.4 Asfalt

Stefnumið umhverfisstefnu sem eiga við þennan umhverfisþátt:

Vegagerðin vinnur að því að draga úr mengun frá starfseminni.

Allt asfalt sem notað er í framkvæmdum Vegagerðarinnar fellur undir þennan umhverfisþátt.


Eftirfarandi eru upplýsingar um notkun á asfalti og olíum á árinu:

Sölu- aðili	Lífolía (litr) 2011	Lífolía (litr) 2012	Asfalt, hreint (kg) 2011	Asfalt, hreint (kg) 2012	Asfaltblanda m. lífolíu (litr) 2011	Asfaltblanda m. lífolíu (litr) 2012
Rekstrar- deild	272.840	43.005	3.981.678	1.300.000	4.498.397	2.140.583
Verk- takar	1.028.462	10.271	0	146.731	0	
Samtals	1.301.302	53.276	3.981.678	1.446.731	4.498.397	2.140.583

* Lífolía = repjuolía eða fiskolía

Meginreglan í útboðum Vegagerðarinnar er sú að verktaki leggi til asfalt og efni til íblöndunar, þar sem því verður við komið. Meira er því notað af asfalti til vegagerðar á landsvísi en kemur fram í ofangreindum tölum. Á landsbyggðinni, þar sem Vegagerðin er með birgðatanka geta verktakar keypt efni af Vegagerðinni.

Nokkur mengun fylgir asfaltbundnu slitlagi vega. Asfalt er flókin blanda ýmissa lífrænna efnasambanda. Þar á meðal eru svokölluð PAH-efni sem eru mengandi tjöruefni og safnast fyrir í lífkeðjunni. Bifreiðaumferð slítur malbiki eins og vel er kunnugt, einkum þegar um er að ræða notkun nagladekkja. Við það fer asfalt út í umhverfið einkum í formi agna og svifryks.



Mynd 13. Notað magn lífolíu, asfalts og asfaltblöndu 2011 og 2012.

2.5 Eiturefni og hættuleg efni

Umhverfisþátturinn eiturefni og hættuleg efni á við um efni og efnavörur sem geta valdið bráðum eða langvarandi skaða á heilsu manna eða dýra, eða valdið tjóni á umhverfi. Undir umhverfisþáttinn falla öll merkingarskyld efni sem Vegagerðin notar, önnur en eldsneyti og olíur og asfalt sem eru sérstakir umhverfisþættir og var lýst hér að framan.

Stefnumið umhverfisstefnu sem eiga við þennan umhverfisþátt:

Við innkaup á vörum og þjónustu tekur Vegagerðin tillit til umhverfissjónarmiða.

Vegagerðin vinnur að því að draga úr mengun frá starfsemi.

Vegagerðin tryggir að starfsemin sé í samræmi við gildandi lög og reglur um umhverfismál.

Eiturefni og hættuleg efni eru merkingarskyld samkvæmt reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni. Þetta eru efni merkt Tx og T, sterkt eitur og eiturog, og efni merkt Xn, C, Xi, E, Fx, F, O og N, hættulegt heilsu, ætandi, ertandi, sprengifimt, afar eldfimt, mjög eldfimt, eldnærandi og hættulegt umhverfinu.

Eitt af markmiðum stjórnvalda í stefnumörkun til ársins 2020 er umhverfi án hættulegra efna en þar er eitt undirmarkmiðið að losun efna sem eru hættuleg heilbrigði og umhverfi verði takmörkuð eins og mögulegt er og verði hætt innan aldarfjórðungs.³ Meðal markmiða stjórnvalda til ársins 2013 er að markvisst verði unnið að því að skipta út eiturefnum og hættulegum efnum fyrir efni eða aðferðir sem hafa í för með sér minni hættu fyrir heilsu og umhverfi.

Það er stefna Vegagerðarinnar, umhverfisstefna og innkaupastefna, að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða. Starfsmenn eru því hvattir til að vanda val á efnum til nota við vinnu sína. Vegagerðin á lista yfir merkingarskyld efni í notkun á öllum starfsstöðvum. Efnalistinn er á slóðinni www.vegagerdin.is/Handbaekur/Varasom_efni.nsf. Vegagerðin vinnur að því að draga úr notkun eiturefna og efna sem eru hættuleg heilsu og umhverfi.

Ekkert sterkt eitur (Tx) er í notkun hjá Vegagerðinni. Eiturefni (T) í notkun hjá Vegagerðinni eru tvö, bensín á smábíla og metanól sem er notað á efnarafala fyrir myndavélar og veðurstöðvar. Eiturefni skal geyma í læstri geymslu.

Efnavara sem getur stofnað heilsu starfsmanna í hættu skal vera í öruggum og rétt merktum umbúðum á vinnustöðum. Halda þarf merkingarskyldum efnum í hæfilegri fjarlægð frá stöðuvötum, ám, grunnvatni og sjó. Við mikinn leka ber að binda efnin með ísogsefnum til að hindra að þau berist út í umhverfið. Setja skal úrganginn (spilliefni) í lokað ílát, merkja með innihaldi og senda síðan til spilliefnamóttöku til förgunar. Tryggja þarf að efnageymslur séu lekaheldar og vel loftaðar, enda er gerð krafa um það í reglugerðinni og í almennum starfsleyfisskilyrðum sem gerð eru til þjónustustöðvanna, sjá www.ust.is/atvinnulif/heilbrigdiseftirlit/starfsleyfisskilyrði/. Allar þjónustustöðvar Vegagerðarinnar og verkstæði eru með gild starfsleyfi frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga, sjá nánar í viðauka I.

Berist efni á einhvern hátt í umhverfið, í meira magni en starfsmenn ráða við að hreinsa upp, skal tilkynna það heilbrigðiseftirliti og slökkviliði.

Samkvæmt lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum skal Vegagerðin gæta þess að þær vinnuaðstæður séu fyrir hendi og þeim starfsaðferðum sé beitt sem tryggja að starfsmenn séu varðir gegn slysum, mengun og sjúkdómum. Vegagerðin skal sjá til þess að öryggisblöð eða viðeigandi skriflegar leiðbeiningar liggi frammi ásamt því að kynna starfsmönnum efni þeirra. Vegagerðin skal grípa til nauðsynlegra forvarna til að koma í veg fyrir mengun á vinnustað eða draga úr henni eins og kostur er, einnig að leitast við að nota hættulitlar efnavörur.

³ Velferð til framtíðar – Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Útg. 2002.

Vegagerðin vinnur að því að uppfylla kröfur um lekavarnir fyrir hættuleg efni og frágang við geymslutanka. Úttektum á lóðum og húsum vegna þessa er ekki lokið.

Það sem Vegagerðin þarf helst að bæta, miðað við þær úttektir sem þegar er lokið, er að:

- Reglubundið eftirlit með olíugildrum sé skráð.
- Þvottur á tækjum og bifreiðum fari fram á svæðum með bundið slitlag og þar sem fráveita er tengd sandfangi og olíugildru.
- Tankar og tunnur undir olíuefni séu staðsettir í þróm, lekabyttum eða þannig að leki fari í olíuskilju.
- Merkingarskyld efni séu geymd í lekabyttum.

Kröfur eru gerðar til verktaka um að þeir skili áætlun um öryggi á vinnusvæði og skal áætlunin m.a. innihalda áætlun um flutning, geymslu og varúðarráðstafanir vegna sprengiefna og annarra hættulegra efna og búnaðar til sprenginga.

2.5.1 Terpentína (white spirit)

Vegagerðin hefur hætt notkun terpentínu í klæðingar á þjóðvegum. Klæðing er gerð úr þunnbiki, sem er blanda biks og terpentínu/repjuolíu/lífolíu, og muldu steinefni sem er jafndreift ofan í þunnbikið. Á árinu var engin terpentína notuð við nýframkvæmdir í stað hennar var notuð repjuolíu og lífolía (lýsi). Terpentína er nú aðeins notuð í litlu magni til hreinsunar á tækjum og búnaði.

2.5.2 Þvottaefni til olíu- og tjörupvotta

Vegagerðin notar nokkrar tegundir efna til bifreiða-, véla- og vegstíkuþvotta, sjá töfluna á mynd 15. Vegagerðin vill draga úr notkun á eitrefnum (T) og efnum sem eru hættuleg heilsu (Xn) og hættuleg umhverfi (N), eins og mögulegt er.



Mynd 14. Þessi tjöruhreinsir er hættulegur heilsu (Xn). Varist innöndun úða og snertingu við húð. Framleiðandinn mælir með notkun hlífðarhanska úr gúmmíi og hlífðargleraugna / andlitshlífa á öryggisblaði efnisins (Matthildur B. Stefánsdóttir).

Heiti efnis	Öryggis- blað í Lotus Notes	Vamaðar- merki	EKKI merkingsarkýtt	Söluatili	Starfsstöð sem notar efnid																							
					Akureyrn, Vélarverkstæði	Borganes	Brúvinnufl. Hvamst.	Brúvinnufl. Vik.	Búðardalur	Fellabær	Hafnarfjörður	Hölmavík	Húsavík	Hvamstangi	Höfn	Ísafjörður	Miðstöð (véla og tæki)	Miðstöð, rannstofa	Miðstöð, lager	Málningartíðk	Ólafsvík	Patrekstjörður	Reyðarfjörður, Þjónuststöð	Reyðarfjörður, Vélarverkst.	Sauðárkrúkur	Selfoss	Vík	Vopnafjörður
Arrow HDD Tjörureinsir	Ö	Xn		Olís																								
Britus super extra fituhr.	Ö	Xi		Mjöll Frigg / N1	x																							
Vantar (hætt í sölu?)																												
Förch tjörureinsir				N1																								
Hreinsiefni f. sjálfvirkar þvottastöðvar	Ö	Xn		N1																								
Maxi extra	Ö	Xn		Mjöll Frigg																								
Nautilus olíu- og sóðhreinsir	Ö	Xi		Kemi ehf																								
Olíuhreinsir 1047	Ö	Xn		Olíuverzlun Íslands																								
Olíuhreinsir Bp 1002	Ö	Ekkert	x	Olís																								
Olíuhreinsir N1	Ö	Xn, N		N1																								
Rauðspritt	Ö	F		Olís / N1																								
Sám super extra	Ö	Xi		Mjöll Frigg																								
Sámur 2000 Túrþó - Tvívirkur tjöru- og olíuhreinsir	Ö	Xn		Mjöll Frigg																								
Shell HDD olíuhreinsir	Ö	Xn		Mjöll Frigg / Skeljungur																								
Sitruhreinsir	Ö	Ekkert	x	Ensim (ensim.is)																								
Sýrutak / Súr-X rækjuvélahr.	Ö	C		Mjöll Frigg																								
Terpentína (white spirit) minerólak	Ö	Xn		Flugger lítir																								
Tjörureinsir N1	Ö	Xn		N1																								
Tjörureinsir Olís sérþi.	Ö	Xn		N1																								
Túrþó Sámur 2296	Ö	Ekkert	x	Sámur sápugeti, N1																								
Undri Tjörureinsir	Ö	Xi		Undri																								

Mynd 15. Þvottæfni til olíu- og tjörupvotta. Efnin sem merkt eru með rauðum lit eru hættuleg heilsu eða umhverfi. Eskilegt er að fækka þeim efnum og starfsmenn þurfa að kynna sér vel efni öryggisblaða þessara efna.

Öryggisblöð efnanna eru á www.vegagerdin.is/Handbaekur/Varasom_efni.nsf

2.5.3 Viðloðunarefni

Hlutverk viðloðunarefna er að auka viðloðun þunnbiks og steinefna. Á árinu 2012 voru keypt 52 tonn af viðloðunarefninu Wetfix N.


Wetfix er bæði ætandi og hættulegt umhverfi (merkt C og N). Það er fljótandi í stórum ílátum. Sumir starfsmenn vilja frekar nota bindiefnið Amine, varnaðarmerki þess er Xn og N (hættulegt heilsu og umhverfi). Amine kemur sem þurrir kögglar í sekkjum.

Viðloðunarefni er skammtað og hellt í bindiefni, eins og bik, þegar verið er að hræra malbik. Efnið binst yfirborði steina, er afar vatnsfælið og binst djúpt í bindiefninu. Þegar viðloðunarefni blandast bindiefni er aðgangur þess að umhverfinu strax orðinn mjög takmarkaður. Því er talin hverfandi hætta á að viðloðunarefni berist í náttúruna.

Þess má geta að norska vegagerðin telur að mengun umhverfisins vegna umferðar vegi mun þyngra en möguleg umhverfisáhrif viðloðunarefna í malbiki eða klæðingum.

Tafla 8. Innkaup viðloðunarefna 2010 – 2012

	2010	2011	2012
Wetfix (tonn)	39	31	52



Mynd 16. Innkaup viðloðunarefnisins Wetfix 2010 - 2012.

2.5.4 Vegmálning

Málaðir voru 1.792 km. með vatnsmálningu og 1.604 km. með sprautuplasti samtals 3.396 km.


Vatnsmálningin er frá Merkalin AQ6010 Geveko og er notuð á umferðarminni vegi. Hún inniheldur engin leysiefni og voru notaðir 65.800 lítrar.

Sprautuplast er notað á umferðarmeiri vegi. Það kemur sem duft og er brætt í hitunarpottum á útlagningarbílum og inniheldur engin leysiefni. Efnin eru frá SNS í Bretlandi og EKC Sverige AB. Þau eru Swarco SSP30, Cleanosol 45S30 og Cleanosol E622-W. Það voru notuð um það bil 401 tonn af sprautumassa í línunum. Vegmössun í stakar merkingar var 6.400 m² og efnisnotkun 43 tonn. Samtals voru því notuð 444 tonn af sprautuplastinu. Efnin eru án hættumerkinga. Duft og bráðið efni á að hreinsa upp og meðhöndla sem iðnaðarúrgang. Ekki skal skilja eftir efni þar sem það getur komist í frárennsli, vatnsból eða grunnvatn.


Glerperlur sem eru notaðar við vegmerkingar eru Potters Europe Drop-on Glass Beads 850-125. Notuð voru 119 tonn.

Tafla 9. Magn málningarefna sem notað var á þjóðvegum árin 2011 og 2012

Vegmálning	2011	2012
Vatnsmálning (þús. ltr.)	74	66
Plastmálning (tonn)	396	444



Mynd 17. Notkun vegmálningar á þjóðvegi árin 2011 og 2012. Þúsundir lítra af vatnsmálningu til vinstri og tonn af sprautuplastsdufti til hægri.



Mynd 18. Vegalengdir þjóðvega sem merktir voru með vegmálningu á árunum 2011 og 2012.

2.5.5 Önnur eiturefni og hættuleg efni

Gróðureyðir er notaður til að eyða gróðri sem er til vandræða í vegköntum, meðal annars vegna snjósöfnunar. 90 lítrar voru notaðir af gróðureyðinum Clinic á árinu.

Bílavörur s.s. smur- og vélaolíur, glussar, olíuhreinsar, frostlögur og bílahreinsiefni eru notaðar á þjónustustöðvum og verkstæðum. Almenn ræstiefni, uppþvottaduft og því um líkt er notað við þrif.

Í innkaupastefnu Vegagerðarinnar segir að tekið skuli tillit til heilbrigðis- og umhverfissjónarmiða eins og kostur er og að við innkaup skuli taka fullt tillit til innkaupastefnu ríkisins. Starfsmenn eru því hvattir til að vanda valið við innkaup á efnum og forðast sérstaklega vörur sem eru hættulegar umhverfi (N) og heilsu (Xn).

Því miður hefur gengið illa að fá upplýsingar frá birgjum um magn keyptrra efna á ári.

2.5.6 Hættutákn í stað varnaðarmerkja

Um merkingar eiturfna og hættulegra efna gilda.

- Reglugerð nr. 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð eiturfna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni.
- Reglugerð nr. 866/2012 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.

Unnið er að því að koma á nýju flokkunarkerfi í landinu fyrir eiturfni og hættuleg efni sem tekið verður upp í áföngum. Hættutáknin verða níu talsins og hafa að mestu leyti sömu tákn og nógildandi varnaðarmerki. Sjá nánar á vef umhverfisstofnunar, ust.is.

2.6 Spilliefni

Umhverfispátturinn á við um öll spilliefni sem falla til við starfsemi Vegagerðarinnar og verktaka hennar.

Stefnumið umhverfisstefnu sem eiga við þennan umhverfispátt:

Vegagerðin fargar spilliefnum á viðurkenndan hátt.

Vegagerðin vinnur að því að draga úr mengun frá starfseminni.

Vegagerðin tryggir að starfsemin sé í samræmi við gildandi lög og reglur um umhverfismál.

Vegagerðin sér til þess að birgjar og verktakar þekki umhverfisstefnuna og umhverfiskröfur Vegagerðarinnar.


Starfsleyfi Vegagerðarinnar eru m.a. háð skilyrðum reglugerðar um spilliefni en þar er kveðið á um frágang spilliefna. Markmið reglugerðarinnar er að tryggja rétta meðhöndlun spilliefna þannig að þau valdi ekki mengun. Í reglugerðinni eru spilliefni skilgreind og meðal annars kveðið á um meðhöndlun, flokkun og flutning efnanna.

Vegagerðin skal flytja spilliefni og úrgangsolíu til söfnunar- eða móttökustöðvar sem hefur starfsleyfi til að meðhöndla spilliefni.

Vegagerðin fær árlega upplýsingar frá Efnamóttökunni hf. og Gámaþjónustum um magn spilliefna sem skilað var frá starfsstöðvum, en upplýsingar vantar um spilliefni sem fara til spilliefnamóttöku sveitarfélaga.

Tafla 10. Helstu spilliefni (kg) sem skilað var til Efnamóttökunnar og Gámaþjónustunnar 2010-2012

	2010	2011	2012
Rafhlöður	287	100	0
Rafgeymar og blýmengað	570	551	0
Ýmis spilliefni	0	1000	0



Mynd 19. Helstu spilliefni sem fóru frá Vegagerðinni til Efnamóttökunnar hf. 2010 - 2012.

2.7 Fastur úrgangur


Um er að ræða allan fastan úrgang frá Vegagerðinni annan en spilliefni. Fastur úrgangur er flokkaður í viðeigandi ílát á öllum starfsstöðvum.

Stefnumið umhverfisstefnu sem eiga við þennan umhverfisþátt:

Vegagerðin nýtir auðlindir sem best og stefnir að því að minnka sorpmagn með því að vinna að aukinni endurnýtingu og endurvinnslu.

Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs er í gildi fyrir árin 2004 – 2016 í samræmi við lög um meðhöndlun úrgangs. Áætlunin hefur það markmið að draga úr myndun úrgangs, auka endurnotkun og endurnýtingu og minnka hlutfall úrgangs sem fer til förgunar.

Hér eru upplýsingar um úrgang úr ílátum sem Vegagerðin leigði af Gámastöðvum. Á mörgum starfsstöðvum er pappír og öðrum föstum úrgangi safnað og farið með beint í endurvinnslugáma sveitarfélaga, en Vegagerðin hefur ekki upplýsingar um þyngd þess úrgangs.



Mynd 20. Helsti úrgangur frá rekstri Vegagerðarinnar og af vegsvæðum sem var skilað til Gámastöðva 2011 og 2012.


Samkvæmt græna bókhaldinu jókst úrgangur til endurvinnslu nánast um helming á milli áranna 2011 og 2012. Aðalástæða aukningarinnar er sú að starfsstöðvar Vegagerðarinnar hafa verið að auka flokkun á úrgangi milli ára auk þess sem upplýsingar frá Gámaþjónustu Vestfjarða um móttöku úrgangs frá starfsstöðvunum á Ísafirði og Patreksfirði og gámastöðvarinnar Flokku á Sauðárkróki bættust við. Sjá nánar í töflu 11.

Aukin flokkun sorps hjá starfsstöðvum sést t.d. í aukningu plastumbúða, bylgjupappa, dagblaða, tímarita, gæðapappírs og lífræns úrgangs.

Óhreinn jarðvegur / múrbrot er tilfallandi úrgangur sem er mestur í lok stórra framkvæmda.

Enginn pappír fór til pappírseyðingar hjá Efnamóttökunni, hann skilar sér nú sem gæðapappír og er magn gæðapappírs + pappírs til eyðingar svipað á milli ára.

Tafla 11. Fastur úrgangur til Gámastöðva árin 2011 og 2012		
Úrgangur (kg)	2011	2012
Blandaður úrgangur	22.805	31.048
Grófur úrgangur	7.760	13.290
Timbur blandað	2980	10220
Timbur hreint	6.240	3.040
Málmar	15.000	15.620
Bylgjupappi	635	1.375
Dagblöð og tímarit	550	850
Gæðapappír	550	1.135
Pappírseyðing	556	0
Drykkjarumbúðir	0	0
Lífrænt til moltugerðar	1.043	1.640
Óhreinn jarðvegur / múrbrot	0	27.660
Endurvinnslufni	610	1.080
Hjólbarðar	0	320
Plastumbúðir	0	680
Samtals	58.729	107.958



Mynd 21. Pappírúrgangur sem var skilað til Gámaþjónustunnar og Efnamóttökunnar 2011 og 2012.

Hlutfall óflokkaðs úrgangs pr. stöðugildi hefur minnkað á milli árunna 2011 og 2012. Hlutfall óflokkaðs úrgangs hjá þeim 14 stofnunum sem skiluðu grænu bókhaldi til vinnustofu um vistvæn innkaup árið 2011, vinn.is, var um 60% að miðgildi. Vegagerðin getur því verið nokkuð sátt við sinn árangur sem var 41% á árinu.

Tafla 12. Úrgangur (kg á stöðugildi) 2011 og 2012		
Ár	2011	2012
Flokkaður úrgangur	97	221
Óflokkaður úrgangur	105	154
Samtals kg	202	375
Hlutfall óflokkaðs úrgangs	52%	41%

2.8 Fráveitur og skólp

Umhverfisþátturinn nær yfir fráveitur, rotþrær, siturleiðslur og sandskiljur sem tengdar eru starfsemi Vegagerðarinnar.

Stefnumið umhverfisstefnu sem eiga við þennan umhverfisþátt:

Vegagerðin tryggir að starfsemin sé í samræmi við gildandi lög og reglur um umhverfismál.

Vegagerðin vinnur að því að draga úr mengun frá starfseminni.

Um er að ræða:

- Frárennsli frá verkstæðum, þjónustustöðvum og þvottaplönnum sem getur verið mengað af efnum eins og olíum, bensíni, lífrænum leysiefnum eða öðrum varasömum efnum.
- Skólp frá starfsmannaaðstöðu og mótuneytum.
- Frárennsli vegmannvirkja.

Vélaverkstæði og þjónustustöðvar skulu uppfylla starfsleyfisskilyrði varðandi fráveitur og skólp en í þeim segir meðal annars að hafa skuli reglubundið eftirlit með olúgildru og láta viðurkenndan aðila annast tæmingar. Þegar innri úttektir verða gerðar á umhverfisstjórnunarkerfinu þurfa starfsmenn áhaldahúsa og verkstæða að geta sýnt fram á að eftirlitið sé reglubundið.

Yfirlit starfsleyfa og almenn starfsleyfisskilyrði eru í viðauka I.

2.9 Gamlar námur

Um er að ræða gamlar námur þar sem jarðefni voru numin til vegagerðar. Gömul náma telst vera sú sem opnuð var fyrir gildistöku náttúruverndarlaga árið 1999 en í þeim lögum eru ákvæði um námufrágang.

Stefnumið umhverfisstefnu sem eiga við þennan umhverfisþátt:

Vegagerðin leggur áherslu á að frágangur sé til fyrirmyndar.

Umhverfisáhrifin eru staðbundin sjónræn áhrif vegna röskunar á landslagi og jarðmyndunum, auk þess sem hrun úr veggjum getur valdið slyshættu.


Einungis var lokið við frágang á 18 eldri námum og að hluta til við 5 námur á árinu 2012. Markmið langtímaáætlunar⁴ er að gengið sé frá 60 eldri námum árlega og vantar því mikið á að markmiðinu hafi verið náð á árinu 2012. Meginástæða þess er að fjárveiting til námufrágangs hefur verið skorin verulega niður, vegna samdráttar í efnahagslífinu en einnig má nefna að landeigendur hafa í mörgum tilfellum

⁴ Langtímaáætlun um námufrágang 2004-2018. Útgefið af Vegagerðinni í júní 2004.

sett sig upp á móti frágangi náma á þeirra landi. Fjárveitingar fyrir árið 2013 verða svipaðar og fyrir árið 2012.

Í töflu 13 er yfirlit yfir fjölda náma sem gengið var frá á árinu á hverju svæði og í viðauka III er yfirlit yfir allar námur sem gengið var frá á árinu ásamt greinargerð jarðfræðideildar.

Svæði Vegagerðarinnar	Fjöldi frágeng- inna náma	Fjöldi hálf frá- genginna náma	Samtals á árinu	Markmið
Suðursvæði	3	1	4	13
Suðvestursvæði	2	0	2	1
Norðvestursvæði	10	0	10	31
Norðaustursvæði	3	4	7	16
Samtals allt landið	18	5	23	60



Mynd 22. Fjöldi frágenginna og hálf frágenginna gamalla náma árin 2007 - 2012.

Á árinu vann Vegagerðin að vefnum namur.is ásamt Landsvirkjun og Umhverfisstofnun. Vefnum er ætlað að veita yfirsýn yfir og leiðbeiningar um hvernig standa ber að undirbúningi og framkvæmd efnistöku á landi og á hafsbotni. Vefurinn opnaði á degi umhverfisins í apríl 2013. Vonast er til að vefurinn muni nýtast vel öllum þeim sem koma að málum sem varða efnistöku, sem og öllum þeim sem áhuga hafa á málefnum sem tengjast henni.

2.9.1 Nýjar námur

Samhliða nýbyggingum er gengið frá fjölmörgum námum í samræmi við ákvæði náttúruverndarlaga, en þar er oft um að ræða námur sem opnaðar voru sérstaklega vegna viðkomandi verks. Almenna reglan nú til dags er sú, að gengið er frá öllum námum og skeringum í viðkomandi verki, ef ekki er fyrirhuguð áframhaldandi efnistaka.

2.10 Steinefni

Um er að ræða öll steinefni unnin úr íslenskum jarðgrunns- og bergrunnsnámum sem notuð eru við framkvæmdir Vegagerðarinnar. Má þar nefna efni í fyllingar, fláafleyga, burðarlög og steinefni í klæðingar. Úr þessum steinefnum er unnin möl, sandur og malað berg sem notað er m.a.til að byggja upp vegi.


Stefnumið umhverfisstefnu sem eiga við þennan umhverfisþátt:

Vegagerðin nýtir auðlindir sem best.

Jarðefni og steinefnin sem unnin eru úr þeim, möl, sandur og malað berg, eru mest notuðu byggingarefni og næstmest notuðu náttúrulegu efnin á jörðinni, aðeins vatnið er eftirsóttara.

Vegagerðin heldur skrá yfir allar námur og skeringar á landinu óháð því hver námurétthafi er eða hefur verið. Skráðar eru frágengnar, hálffrágengnar og ófrágengnar námur og skeringar. Hægt er að sjá þær námur sem Vegagerðin á upplýsingar um á Vegasjá Vegagerðarinnar <http://vegasja.vegagerdin.is/> undir flokknum námur.

Hér sést hlutfallsleg skipting náma og skeringa á landinu eftir meginflokkum jarðmyndana.



Mynd 23. Hlutfallsleg skipting náma og skeringa á Íslandi eftir jarðmyndun.

2.11 Loftmengun vegna umferðar á vegum

Um er að ræða loftmengun frá bílaumferð á þjóðvegum s.s. gróðurhúsalofttegundir og svifryk.

Stefnumið umhverfisstefnu sem eiga við þennan umhverfisþátt:


Vegagerðin vinnur að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá umferð á þjóðvegum m.a. með veghönnun, styttingu leiða, bundnum slitlögum og staðsetningu náma.

Það er verkefni stjórnvalda og allra landsmanna að leggjast á eitt til að draga úr þessari mengun. Eitt af markmiðum stjórnvalda til að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis er að beita hagrænum aðgerðum til að hvetja til notkunar umhverfisvænni farartækja og eldsneytis⁵.


2.11.1 Losun CO₂ á landsvísu

Losun CO₂ frá vegaumferð á árinu var 889 þúsund tonn, 439 þúsund tonn vegna brennslu bensíns og 450 þúsund tonn vegna dísilólíu. Losunin hefur aðeins tvisvar áður verið meiri en það var árin 2007 og 2009.

Magn bensíns og dísilólíu er reiknað út frá álagningu markaðra tekna. Losunin var til ársins 2004 reiknuð út frá sölu á bensíni til bíla en áætlaðri notkun á dísilólíu. Sala á bensíni hefur lengi verið skattstofn og heimildir um selt magn því áreiðanlegar. Á miðju ári 2005 var lagt olúgjald á dísilólíu þannig að heimildir um selt magn teljast því áreiðanlegar frá miðju því ári. Árið 2006 var fyrsta heila árið sem heimildir um selt magn dísilólíu eru áreiðanlegar.



Mynd 24. Losun á CO₂ vegna brennslu eldsneytis í vegasamgöngum frá 1990.



Mynd 25. Hlutfallsleg aukning og minnkun á losun CO₂ vegna brennslu eldsneytis í vegasamgöngum frá 1990.

⁵ Velferð til framtíðar – sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Áherslur 2006-2009.


2.11.2 Aðgerðir Vegagerðarinnar til að draga úr losun CO₂

Þær aðgerðir sem Vegagerðin beitir og geta dregið úr loftmengun eru, að:

- Hanna og byggja vegi sem stysta en þó þannig að þeir falli sem best að umhverfinu.
- Auka nýlög slitlaga.
- Staðsetja námur þannig að ekki þurfi að aka langar leiðir með steinefni.
- Kaupa sparneytnari bifreiðar.
- Styrkja rannsóknir sem miða að slitsterkara vegyfirborði.

Vegagerðin hefur lengi unnið að styttingu leiða bæði vegna umhverfis- og öryggissjónarmiða.

Lagning bundinna slitlaga hefur verið talin til þeirra aðgerða sem Vegagerðin getur beitt til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Á árinu var lagt bundið slitlag á 55,9 km af þjóðvegum sem áður voru með malarslitlagi⁶. Meðaltal árána 2010 -2012 var 108 km.



Mynd 26. Lengd nýrra bundinna slitlaga árin 2010-2012.

Af 12.933⁸ km þjóðvega er nú bundið slitlag á 5.308 km eða um 41% þjóðvegakerfisins.

Vegagerðin reynir að staðsetja námur þannig að ekki þurfi að aka langar leiðir með steinefni. Námur eru skipulagsskyldar og eru umhverfisáhrif þeirra metin strax á skipulagsstigi.

Vegagerðin hefur stefnt að því í nokkur ár að nýir smábílar í rekstri stofnunarinnar verði með lægra losunargildi en seldir eldri bílar. Það verkefni hefur gengið vel eins og sagt var frá í kafla 2.3.

Rannsóknasjóður Vegagerðarinnar styrkti á árinu nokkrar rannsóknir á slitlögum. Meðal þeirra voru:

- Leiðbeiningar fyrir framkvæmd og eftirlit með sementsfestun
- Breytt bindiefni í klæðingar - Heimildakönnun og prófanir
- Malbiksrannsóknir 2012
- Kaldblandað malbik með 100% endurunnu malbiki
- Úttektir á klæðingum
- Klæðingar, rannsóknir og þróun á prófunaraðferðum
- Fjaðurstuðull steinsteypu.


Skýrslurnar er hægt að skoða á www.vegagerdin.is – Upplýsingar og útgáfa – Rannsóknarskýrslur – Mannvirki.

⁶ www.vegagerdin.is/media/vegakerfid/Bundid_slitlag.pdf

2.11.3 Svifryk

Svifryk eru rykagnir í loftinu sem koma frá sliti á malbiki vegna umferðar, útblæstri dísilbifreiða, jarðvegi og salti. Þessar litlu agnir eru flokkaðar eftir stærð korna frá PM_{10} niður í $PM_{2,5}$ þar sem minnstu kornin hafa almennt skaðlegust áhrif á heilsu samkvæmt rannsóknum. Svifryk er skaðlegt jafnvel þótt það innihaldi ekki eitruð efni. Það er tilvist smárra efniskorna í lungum fólks sem veldur skaðsemi, en ekki efnavirkni þeirra⁷.

Svifryk mælist stundum mikið í Reykjavík og á Akureyri, sérstaklega á þurrviðraköflum að vetrarlagi en úrkoma dregur verulega úr menguninni. Á þeim dögum sem svifryk hefur farið yfir viðmiðunarmörk er aðallega um að ræða malbik sem nagladekk spæna upp á veturna, en um 64% af svifryksmengun í Reykjavík kemur til vegna umferðar. Nánari upplýsingar um mælingar eru á heimasíðu Umhverfisstofnunar, www.ust.is.



Mynd 27. Meðalsamsetning svifryks PM_{10} á mældum vetrardögum⁸.

Eitt af markmiðum stjórnvalda í umhverfismálum er að dregið verði úr styrk svifryks í andrúmslofti og er forgangsmál varðandi staðbundna loftmengun. Notkun nagladekkja er stærsti einstaki þátturinn í yfirborðssliti malbiks í þéttbýli og má búast við að slitið minnki nánast í línulegu samhengi við minni notkun. Mikilvægasta atriðið til að ná markmiðinu er því að draga úr notkun nagladekkja í þéttbýli en hvetja þess í stað til notkunar annarra jafngildra lausna í hálfu.

Íslendingum hefur gengið ágætlega að draga úr notkun nagladekkja og hefur Reykjavíkurborg m.a. beitt auglýsingaherferðum til að hvetja til minni notkunar.

Tafla 14. Notkun nagladekkja í nokkrum norrænum borgum 2011/2012⁹

Borg	Nagladekkjanotkun %	Breidd °N
Reykjavík	34	64°08'
Þrándheimur	29	63°25'
Hamar	41	60°47'
Stavanger	27	58°57'
Kristiansand	30	58°10'
Jönköping	60	57°47'

⁷ Þorsteinn Jóhannsson, 2007. Svifrykssmengun í Reykjavík. Verkfræðideild Háskóla Íslands, og Mótvægisáðgerðir gegn svifryki, 2007. Samgönguráðuneytið og umhverfisráðuneytið.

⁸ Skúladóttir, B., Thorlacius, A., Larssen, S., Bjarnason, G.G. og Þórðarson, H., 2003: Method for determining the composition of airborne particle pollution.

⁹ Heimild: Talning Statens Vegvesen í helstu borgum Noregs 2012 og skoðanankönnun Íslandsdeildar umhverfisnefndar Norræna Vegtækisambandsins (NVF-miljö) 2011.

Með tilkomu Euro staðla sem byrjað var að nota 1992 í Evrópu við skráningu ökutækja af öllum stærðum var farið að stemma stigu við mengandi efnum í útblæstri frá ökutækjum. Á undanförunum árum hefur mikil þróun orðið hjá bílaframleiðendum við að draga úr mengandi efnum í útblæstri auk þess sem nýting eldsneytis hefur batnað. Reglur EES um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum hafa verið hertar í þrepum. Nú hefur Euro 5 tekið gildi að hluta og tillaga að Euro 6 liggur fyrir. Euro 6 gerir sömu kröfur varðandi sótmengun og Euro 5. Ekki hafa verið gerðar kröfur varðandi söt fyrir venjulega bensínbíla, þar sem sótmengun hefur ekki verið vandamál í þeim¹⁰. Nánari upplýsingar eru hjá Umferðarstofu¹¹.

Tafla 15. Þróun Euro reglnanna frá Euro 2 til Euro 6			
Fólksbílar með dísilvél	Ryk (mg/km)	Pungir bílar með dísilvél	Ryk (mg/kWh)
		Euro 1 1992	360
Euro 2 1996	80	Euro 2 1996	150
Euro 3 2000	50	Euro 3 2000	100
Euro 4 2005	25	Euro 4 2005	20
Euro 5 2011/2012	5	Euro 5 2011/2012	20
Euro 6 2014¹²	5	Euro 6 2014	20

2.11.4 Loftmengun á framkvæmdasvæðum

Um er að ræða loftmengun vegna nýframkvæmda og frágangs vega og landmótunar vegsvæða og náma. Áhrifin eru að mestu staðbundin loftmengun vegna ryks og sóts, en einnig losun gróðurhúsalofttegunda og svifryk frá vinnuvélum og varaafsstöðvum.

Loftmengun á framkvæmdatíma er einn af þeim umhverfisþáttum sem fjallað er um í skýrslum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og er hægt að stýra þegar þörf krefur með kröfum til verktaka í útboðsgögnum fyrir einstakar framkvæmdir. Mótvægisaðgerðir útheimta ekki hátæknilausnir heldur vel þekktar aðgerðir eins og að bleyta með vatni, rykbinda vegi á framkvæmdasvæðum, breiða yfir farm vörubíla og svo framvegis¹³.

Samkvæmt fjögurra ára verkefnaáætlun samgönguáætlunar 2011-2014 skal unnið mat á ávinningi aðgerða til að draga úr svifryki frá framkvæmdasvæðum.

Umhverfisnefnd Íslandsdeildar Norræna Vegtæknisambandsins (NVF) gerði skoðanakönnun meðal vegagerðastofnana á Norðurlöndunum árið 2011. Meðal spurninga var: Eru kröfur um mótvægisaðgerðir vegna loftmengunar á framkvæmdatíma? Kröfur um slíkar mótvægisaðgerðir eru ekki gerðar í Danmörku eða Svíþjóð, ekki bærust svör frá Noregi eða Finnlandi.

¹⁰ Mótvægisaðgerðir gegn svifryki, 2007. Samgönguráðuneytið og umhverfisráðuneytið.

¹¹ Samgöngustofa frá 1. júlí 2013.

¹² Ráðgert er að staðallinn EURO VI taki gildi í janúar 2014 og feli í sér kröfu um að hámarkslosun NOx frá dísilökutækjum lækki úr 180 mg/km í 80 mg/km.

¹³ Þorsteinn Jóhannsson, 2007. Svifryksmengun í Reykjavík. Verkfræðideild Háskóla Íslands.

2.12 Hálkuvarnir og rykbinding

Um er að ræða sölt (NaCl, CaCl, MgCl) sem notuð eru við hálkuvarnir og rykbindingu) á þjóðvegum.

Efnin eru flutt með flutningabílum frá birgjum á þjónustustöðvar Vegagerðarinnar. Þaðan eru þau flutt með dreifibílum. Efnin eru ýmist geymd í saltgeymslum þjónustustöðva Vegagerðarinnar, í sekkjum eða sem saltþekill á lóðum þjónustustöðva.

Stefnumið umhverfisstefnu sem eiga við þennan umhverfisþátt:

Vegagerðin vinnur að því að draga úr mengun frá starfsemi.


Vegagerðin notaði eingöngu salt, NaCl, til hálkuvarna og rykbindingar á þjóðvegum árið 2012, 26.557 tonn.

Notkuninni er stýrt þannig að nánast allir bílarnir eru með búnað til að stilla magn efnanna sem er dreift á vegina.

Um helmingur af innkaupum á salti fer í gegnum rekstrardeild Vegagerðarinnar. Allar þjónustustöðvar Vegagerðarinnar kaupa þar að auki úrgangssalt beint frá öðrum aðilum svo sem fiskverkunarstöðvum og endurnýta það til hálkuvarna.

Tafla 16. Salt (NaCl) til hálkuvarna og rykbindingar árin 2010 - 2012

Salt (tonn)	2010	2011	2012
Nýtt salt (rekstrardeild)	10.137	6518	12.596
Úrsalt	5.609	6650	13.961
Samtals	15.746	13.168	26.557



Mynd 28. Innkaup Vegagerðarinnar á salti til hálkuvarna og rykbindingar árin 2011 og 2012.

2.13 Landgræðsla


Stefnumið umhverfisstefnu sem eiga við þennan umhverfisþátt:

Vegagerðin vinnur að því að draga úr mengun frá starfseminni.

Vegagerðin leggur áherslu á góðan frágang og uppgræðslu svæða sem tengjast vegafamkvæmdum og á undanförunum árum hefur Vegagerðin verið í hópi stærstu aðila á sviði uppgræðslu hér á landi. Vegagerðin keypti 42 tonn af áburði á árinu, en innkaup eru mjög mismunandi á milli ára.

Tafla 17. Innkaup áburðar árin 2009 - 2012

Áburður (tonn)	2009	2010	2011	2012
Innkaup rekstrardeildar	208	50	140	42



Mynd 29. Innkaup áburðar árin 2009 - 2012.

2.14 Sprengingar

Sprengingar vegna framkvæmda á vegum Vegagerðarinnar falla undir þennan umhverfisþátt, en verktakar annast vinnu með sprengiefni.

Stefnumið umhverfisstefnu sem eiga við þennan umhverfisþátt:

Vegagerðin sér til þess að birgjar og verktakar þekki umhverfisstefnuna og umhverfiskröfur Vegagerðarinnar.

Vegagerðin tryggir að starfsemin sé í samræmi við gildandi lög og reglur um umhverfismál.

Vegagerðin vinnur að því að draga úr mengun frá starfseminni.

- Sprengiefni eru merkingarskyld skv. lögum um eitrefni og hættuleg efni.
- Frávik geta valdið neikvæðum umhverfisáhrifum og slysum á fólki.
- Hávaði og titringur valda vegfarendum og íbúum í nágrenni framkvæmdasvæða. óþægindum.

Við útboð er gerð sú krafa til verktaka að hann leggi fram, til samþykktar umsjónarmanns verkkaupa, skriflega áætlun um öryggi á vinnusvæðinu sem nær til allra þátta verksins áður en vinna við þá hefst. Áætlunin skal í smáatriðum gera grein fyrir þeim ráðstöfunum og aðferðum sem verktaki hyggst beita til að tryggja hollustuhætti á vinnusvæðinu og öryggi starfsmanna. Áætlunin skal m.a. ná yfir flutning, geymslu og varúðarráðstafanir vegna sprengiefna og annarra hættulegra efna og búnaðar til sprenginga og viðbragðsáætlun vegna slysa og bruna. Áætlunin skal gerð í samráði við lögreglu, slökkvilið og sjúkraflutningalið.

2.15 Frásog frá vélaverkstæðum

Frásog frá vélaverkstæðum Vegagerðarinnar, þar sem fram fer sprautuvinna eða logsuða, fellur undir þennan umhverfisþátt.

Stefnumið umhverfisstefnu sem eiga við þennan umhverfisþátt:

Vegagerðin tryggir að starfsemin sé í samræmi við gildandi lög og reglur um umhverfismál.

Vegagerðin vinnur að því að draga úr mengun frá starfseminni.

Sérstakur frásogsbúnaður er á verkstæðum og í þjónustustöðvum Vegagerðarinnar, þar sem sprautuvinna og logsuða fer fram, í samræmi við starfsleyfi heilbrigðisnefnda.

Málning með leysiefnum er notuð í litlu magni á verkstæðum Vegagerðarinnar við sprautuvinnu auk þess sem dálítið er unnið við logsuðu. Við þessa vinnu losna svokölluð ísósýanöt úr læðingi en þau geta valdið astma, ólæknandi kvefi og skertri virkni lungnanna, einnig varanlegri örorku og í versta falli dauða. Því er mikilvægt fyrir starfsmenn sem vinna með þessi efni að kunna skil á leysiefnum og hvernig má varast þau. Best er að sleppa notkun þeirra og nota óskaðleg efni. Tilmæli eru í starfsleyfum verkstæða og þjónustustöðva og í íslenskum lögum og reglugerðum um ákveðið verklag.

Mælt er með eftirfarandi varúðarráðstöfunum til að forðast áhrif leysiefnamengunar:

- Hreinlæti og varúð með ílát og við förgun efnanna.
- Forðast óþarfa uppgufun frá opnum ílátum, klútum og ruslatunnum.
- Að staðbundið frásog sé við blöndun þessara efna.
- Geymsla efnanna og blöndun þeirra fari fram í sérstöku rými, vel loftræstu.
- Notkun viðeigandi persónuhlífa, svo sem hanska, öndunargríma og hlífðarglæraugna.

2.16 Aflagðar brýr

Umhverfisþátturinn nær yfir allar aflagðar brýr sem eru á brúaskrá Vegagerðarinnar og eru í umsjón Vegagerðarinnar.

Stefnumið umhverfisstefnu sem eiga við þennan umhverfisþátt:

Vegagerðin leggur áherslu á að frágangur sé til fyrirmyndar.

Brýr eru rifnar þegar nýr vegur er lagður ef brúin hindrar nýlögnina. Ekki eru aðrar reglur um niðurrif. Sumum brúm er ætlað nýtt hlutverk í höndum sveitarfélaga eða landeigenda. Brúaskrá er gefin út reglulega og birt á heimasíðu Vegagerðarinnar, www.vegagerdin.is, Vegakerfið, Brýr.

Aflagðar brýr sem hafa menningarsögulegt gildi eru stundum endurbyggðar og ein þeirra hefur verið friðuð. Vegminjasafn Vegagerðarinnar heldur utan um aflögð mannvirki með menningarsögulegt gildi. Mismunandi er hver hefur forgöngu um friðun, getur það verið að frumkvæði Vegagerðarinnar, landeigenda, sveitarfélags o.fl.



Mynd 30. Í Steingrímsfirði (G. Pétur Matthíasson).

2.17 Aðrir umhverfisþættir

Þetta eru umhverfisþættir sem Vegagerðin telur ekki nauðsynlegt að viðhalda upplýsingum um. Það eru veglýsing, vegrið, vegstíkur, súrefni sem notað er við logsuðu, orku- og vatnsnotkun, pappír, skrifstofuvörur, tölvur, prentarar og önnur smærri raftæki, húsbúnaður, matvörur, timbur, málmar, hjólbarðar, varahlutir, vinnufatnaður og einnota rekstrarvörur svo sem plastpokar, plastmál og pappírspurrkur. Sumum þessara þátta er stýrt með innkaupastefnu og -reglum. Þegar hlutir eru orðnir ónothæfir færast þeir yfir í umhverfisþáttinn *Fastur úrgangur* sem er stýrt og hann vaktaður.


Nokkrir þessara umhverfisþátta eru þó vaktaðir vegna græns bókhalds fyrir verkefnið *Vistvæn innkaup*, sjá vinn.is, þar sem frammistaða stofnana ríkisins í umhverfismálum er vöktuð. Flestar stofnanir ríkisins eru þó aðallega í skrifstofurekstri ólíkt Vegagerðinni. Það kemur stundum vel út fyrir Vegagerðina, í samanburði á milli stofnana, t.d. varðandi litla pappírnotkun á starfsmann, en stundum verr.

2.17.1 Pappír og prentþjónusta

Samkvæmt upplýsingum frá rekstrardeild var keyptur pappír á árinu sem samsvarar um 645 þúsund A4 blöðum¹⁴ eða 2.238 blöð/stöðugildi sem samsvara 11,2 kg/stöðugildi. Um var að ræða fjölnotapappír í A4 og A3 stærðum. Þetta er aukning um 17% frá fyrra ári. Ekki er langt síðan Vegagerðin notaði að jafnaði um 1.200 þúsund blöð á ári, en það var á árunum 1998 - 2004. Pappírnotkun hefur smám saman dregist saman frá þeim tíma sem má rekja til betri nýtingar, betri tölvuskjáa, aukins rafræns gagnaaðgangs og að dregið hefur úr prentun á skýrslum og bæklingum. Þess má geta að umhverfisskýrsla stofnunarinnar hefur eingöngu verið á rafrænu formi undanfarin 7 ár.

Tafla 18. Innkaup Vegagerðarinnar á fjölnotapappír árin 2004, 2011 og 2012.

Ár	2004	2011	2012
Fjöldi blaða alls * 1000	1.200	550	645
Fjöldi blaða pr. stöðugildi	3.733	1.892	2.238
Kg pr. stöðugildi	18,6	9,4	11,2



Mynd 31. Innkaup Vegagerðarinnar á fjölnotapappír árin 2004, 2011 og 2012 í kg á stöðugildi. Eins og sést hefur dregið mikið úr pappírnotkun stofnunarinnar undanfarin ár.

Hver Vegagerðarstarfsmaður notaði að meðaltali 11,2 kg af fjölnotapappír á árinu. Sé miðað við frammistöðu þeirra stofnana sem skiluðu grænu bókhaldi til vinn.is árið 2011, en þá var miðgildið um 20 kg/stöðugildi, stendur Vegagerðin sig vel.

Hlutfall umhverfismerks pappírs var 100% árið 2012.

¹⁴ Reiknað er með því að eitt A3 blað samsvari tveimur A4 blöðum.


Starfsmenn eru hvattir til að prenta á báðar síður þegar hægt er og prenta frekar svarthvítt en í lit.

2.17.2 Prentþjónusta

Helmingur af því fé Vegagerðarinnar sem fór í ýmiskonar prentþjónustu árið 2012 fór til fyrirtækja sem eru umhverfisvottuð, eða 50%. Um er að ræða prentun, teikningaprentun, plottun, ljósritun, gormun, innbindingu o.fl. Árangurinn var betri árið 2011 eða 61%.

Starfsmenn eru hvattir til að beina viðskiptum sínum til þeirra umhverfisvottuðu prentfyrirtækja sem eru með rammisamning, en nokkuð er um að starfsmenn stofnunarinnar á landsbyggðinni velji frekar prentþjónustu sem staðsett er í þeirra sveitarfélagi.

	2011	2012
Hlutfall umhverfisvottaðrar prentþjónustu	61	50
Hlutfall annarrar prentþjónustu	39	50
Samtals	100	100



Mynd 32. Hlutfall umhverfisvottaðrar prentþjónustu og annarrar prentþjónustu.

2.17.3 Ræstiefni

Ræstiefni

Vegagerðin hefur hingað til ekki haldið sérstaklega utan um ræstiefni í bókhaldi. Rekstrardeild Vegagerðarinnar skiptir aðallega við birgja sem selja umhverfisvottuð hreinsiefni, en þess utan er talsvert um það að starfsstöðvar á landsbyggðinni fari í smásöluverslun staðarins og kaupir inn ræstiefni og aðrar hreinlætisvörur sem er skráð undir bókhaldslið Oracle *Hreinlætis- og ræstingavörur*. Gera þarf ráðstafanir til að breyta skráningu þessara efna í bókhaldi þannig að hægt sé að halda utan um ræstiefni sérstaklega, fyrir grænt bókhald vinn.is.

Rekstrardeildin áætla að hlutfall umhverfisvænna ræstiefna árið 2012 hafi verið 70-80%.

Ræstipjónusta


Hjá Vegagerðinni starfa 19 manns við ræstingar, 3 í miðstöð, 2 á Suðursvæði, 6 á Vestursvæði, 5 á Norðursvæði og 3 á Austursvæði. Þessir starfsmenn nota þau ræstiefni sem Vegagerðin kaupir inn.

Vegagerðin skiptir við ræstingafyrirtæki í sumarleyfum starfsmanna og við sérstök þrifnaðarverkefni. Ekkert þeirra ræstingafyrirtækja eða ræstingaaðila sem Vegagerðin skipti við á árunum 2011 og 2012 voru með umhverfisvottun eða umhverfisstefnu. Meirihluti þessara aðila eru á landsbyggðinni.

2.17.4 Rafmagn og rafhitun

Heildarrafmagnsnotkun hefur verið svipuð hjá Vegagerðinni undanfarin ár, 2,3-2,4 milljón kílóvattstundir. Leitað hefur verið leiða til að draga úr rafmagnsnotkun m.a. með því að bjóða starfsmönnum upp á að nota færri ljósaperur í loftljós á skrifstofum í miðstöð.


Tafla 20. Notkun á rafmagni (kWh) árin 2006, 2011 og 2012			
Staður	2006	2011	2012
Miðstöð, Borgartún 5	381.099	381.099	381.099
Miðstöð, Borgartún 7	71.628	57.947	70.318
Hafnarfjörður	72.231	78.205	86.278
Vík	92.888	111.979	111.979
Selfoss	67.235	82.991	84.550
Borgarnes	112.507	127.037	127.720
Ólafsvík	74.921	84.920	75.218
Búðardalur	54.624	39.675	41.019
Patreksfjörður	118.625	25.583	25.240
Ísafjörður	332.880	267.797	281.579
Hólmavík	126.290	108.865	131.936
Hvammstangi	51.538	49.281	46.654
Sauðárkrúkur,	106.501	100.895	96.816
Akureyri	107.600	96.716	101.412
Húsavík	35.972	32.584	26.765
Þórshöfn	83.172	120.817	117.422
Vopnafjörður	103.109	116.395	116.395
Fellabær	32.248	41.053	41.053
Reyðarfjörður	284.553	306.072	324.642
Höfn	107.000	107.000	107.000
Samtals	2.416.621	2.336.911	2.395.095



Mynd 33. Rafmagn og rafhitun Vegagerðarinnar (þúsund kWh) árin 2006, 2011 og 2012.

Rafmagnsnotkun á stöðugildi hefur aukist undanfarin ár úr um 7.500 kWh í um 8.300 kWh. Skýringin liggur líklega helst í því að stöðugildum hefur fækkað um 27,6 eða tæplega 9% á tímabilinu á meðan húsnæðið er óbreytt og rafbúnaður sá sami eða svipaður. Ísskápum og prenturum fækkar t.d. ekki í hlutfalli við stöðugildin.


Ár	2006	2011	2012
kWh	7.517	8.039	8.311



Mynd 34. Rafmagn og rafhitun (kWh) á stöðugildi árin 2006, 2011 og 2012.

2.17.5 Heitt vatn


Heildarnotkun Vegagerðarinnar á heitu vatni var rúmlega 104 tonn. Notkun Vegagerðarinnar á heitu vatni í tonnum á fermetra og í tonnum á stöðugildi er á mynd 36. Þar sem upplýsingar voru ekki fyrirbyggjandi hjá orkufyrirtækjunum var notkunin áætluð.



Mynd 35. Heildarnotkun í tonnum (= m³) á heitu vatni í húsum Vegagerðarinnar árin 2006, 2011 og 2012.

Heitavatnsnotkun hefur dregist talsvert saman frá árinu 2006 þegar þessar upplýsingar voru síðast teknar saman fyrir Vegagerðina, sama hvort litið er til heildarnotkunar, notkun á fermetra eða notkunar á stöðugildi.

Tafla 22. Heitt vatn - notkun 2006, 2011 og 2012					
Staður	2006 (tonn)	2011 (tonn)	2012 (tonn)	Söluaðili	Annað
Miðstöð, Borgartún 5	25.783	20.402	23.849	Orkuveitan	
Miðstöð, Borgartún 7	22.908	19.295	25.794	Orkuveitan	
Hafnarfjörður	2.863	2.888	2.837	Orkuveitan	Áætlað 2006
Vík	0	0	0	Orkuveitan (rafhitun)	
Selfoss	65.308	8.002	8.254		
Borgarnes	10.157	4.872	4.872	Orkuveitan	Áætlað 2012
Ólafsvík	0	0	0	Orkuveitan (rafhitun)	
Búðardalur		3.328	4.535	Rarik ohf.	
Patreksfjörður		2.562	2.881	Orkubú Vestfjarða	
Ísafjörður	0	0	0	Orkuveitan (rafhitun)	
Hólmavík	0	0	0	Orkubú Vestfjarða (rafhitun)	
Hvammstangi	5.419	6.112	6.112	Húnaþing vestra	Áætlað 2011
Sauðárkrókur,	10.586	9.492	9.553	Skagafjarðarveitur	
Akureyri	7.607	10.264	9.210	Norðurorka	
Húsavík	2.621	3.734	3.734	Orkuveita Húsavíkur ohf.	Áætlað 2011
Þórshöfn	0	0	0	Orkusalan (rafhitun)	
Vopnafjörður	0	0	0	Orkusalan (rafhitun)	
Fellabær	2.784	2.467	2.600	Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf	
Reyðarfjörður	0	0	0	Rarik (rafhitun)	
Höfn	0	0	0	Rarik (rafhitun)	
Samtals	156.036	93.418	104.231		



Mynd 36. Notkun Vegagerðarinnar á heitu vatni í tonnum á fermetra t.v. og í tonnum á stöðugildi t.h.

Notkun Vegagerðarinnar á heitu vatni er talsvert meiri en notkun þeirra ríkisstofnana sem skiluðu grænu bókhaldi til vinn.is árið 2011. Notkun þeirra (miðgildi) var um 3,8 tonn/m³ og 160 tonn/stöðugildi sem er miklu minna en hjá Vegagerðinni. Skýring á þessum mikla mun felst líklega í ólíku húsnæði en Vegagerðin er með þjónustustöðvar og/eða verkstæði á 18 stöðum á landinu. Á þjónustustöðvunum fer t.d. fram þvottur á bifreiðum, vinnuvélum, vegstikum, vinnufatnaði o.fl. sem gæti að einhverju leyti skýrt þennan mun, auk þess sem fleiri fermetrar fara undir slíka starfssemi heldur en skrifstofur.



Mynd 37. Fundur á Ísafirði (G. Pétur Matthíasson).

3 Samfélagsþættir

3.1 Samgönguáætlun og umhverfið

Tólf ára samgönguáætlun fellur undir lög um umhverfismat áætlana. Einstakar framkvæmdir innan áætlunarinnar geta síðan fallið undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Umhverfismat áætlana er aðferð sem er ætlað að tryggja að tekið sé tillit til sjónarmiða um umhverfisvernd og sjálfbæra þróun við áætlanagerð.

Þann 19. júní 2012 samþykkti Alþingi að unnið yrði að samgöngumálum í samræmi við fjögurra ára verkefnaáætlun samgönguáætlunar 2011 - 2014. Samkvæmt áætluninni eru eftirfarandi rannsóknar-, úttektar- og stefnumótunarverkefni um umhverfislega sjálfbærar samgöngur á landi:

- Unnin verði sérstök aðgerðaáætlun á öllum sviðum samgangna með tímasettum og tölulegum markmiðum til að ná langtímamarkmiði um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda. Þar verði lögð áhersla á að tryggja að framkvæmdar verði þær aðgerðir sem fjallað er um í áætlun íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum og tengjast samgöngum.
- Áætlun um sjálfbærar samgöngur verði unnin í samvinnu við sveitarfélögin með aukinni áherslu á almenningsamgöngur, göngu og hjólreiðar. Með sjálfbærri samgönguáætlun verði lokið við skilgreiningu á grunnneti hjólreiðastíga og grunnneti almenningsamgangna innan helstu þéttbýliskjarna. Áfram verði unnið að auknum forgangi almenningsamgangna í umferðinni með uppbyggingu sérreina, forgangi á umferðarljósum og öðrum aðgerðum.
- Unnin verði aðgerðaáætlun um aukin loftgæði í helstu þéttbýliskjörnum í samstarfi við sveitarfélögin. Kortlagningu umferðarhávaða verði lokið og tilheyrandi framkvæmdaáætlun unnin.
- Unnið verði tilraunaverkefni um eflingu almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu og áhrifasvæði þess í samræmi við viljayfirlýsingu Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, fjármálaráðuneytis, innanríkisráðuneytis og Vegagerðarinnar. Árangur af þessu tilraunaverkefni verði metinn í framvindumati á tveggja ára fresti og framlög verði þá endurskoðuð.
- Sérleyfi og einkaleyfi til aksturs verði endurskoðuð og sett verði skilyrði um umhverfisvæn samgöngutæki. Jafnframt verði innkaupastefna endurskoðuð og kröfur gerðar um að kaup ríkisins á akstursþjónustu séu háð skilyrðum um visthæf ökutæki. Stofnunum ríkisins verði sett ákveðin skilyrði um að þær leitist við að nota ökutæki sem eru sparneytin og hafa lágt CO₂-gildi í útblæstri.
- Unnið verði að því að samgöngustofnanir ríkisins taki upp vistvæna samgöngustefnu sem stuðli að orkusparnaði og orkuskiptum og verði öðrum stofnunum til fyrirmyndar í þeim efnum. Stjórnvöld vinni með fyrirtækjum og stofnunum að því að móta og útfæra markvissa samgöngustefnu fyrir vinnustaði.
- Möguleikar miðlægrar stýringar umferðarljósa á höfuðborgarsvæðinu verði nýttir til þess að draga úr mengun á fjölförnum leiðum.
- Með lagasetningu verði sveitarfélögum gert kleift að skilgreina sérstök umhverfissvæði og um leið að takmarka þar umferð til að auka loftgæði.
- Unnið verði mat á ávinningi aðgerða til að draga úr svifryki frá framkvæmdasvæðum.

Við áætlanagerð hjá Vegagerðinni eru unnin skilgreiningablöð fyrir hverja fyrirhugaða framkvæmd þar sem m.a. er lagt fyrsta mat á hugsanleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar. Þessi skilgreiningablöð eru notuð við mat á áhrifum vegáætlunargeira samgönguáætlunar. Dæmi um skilgreiningu framkvæmdar er í viðauka IV.

Upplýsingar um samgönguáætlun er að finna á www.innanrikisraduneyti.is, Verkefni, Málaflokkar, Samgönguáætlun.

3.2 Öryggi starfsmanna og verktaka

Öryggisstjórnun beinist að þörfum starfsmanna, verktaka og tekur mið af vaxandi kröfum þjóðfélagsins undanfarin ár um öryggi starfsmanna á vinnustöðum. Vegagerðin hefur sett sér öryggisstefnu sem gildir jafnt í rekstri sem og við allar framkvæmdir.

3.2.1 Öryggisstefna

Í allri starfsemi Vegagerðarinnar, jafnt í rekstri sem og við allar framkvæmdir, er stefna stofnunarinnar að:

- Hindra að óhöpp og slys eigi sér stað.
- Hafa tiltækar áætlanir um viðbrögð gegn vá og skipuleggja hvernig þeim viðbrögðum er stjórnað.
- Tryggja að starfsfólk Vegagerðarinnar, sem og annað starfsfólk, sem vinnur fyrir stofnunina sé vel menntað og þjálfað til að annast öryggis-, heilsu- og vinnuumhverfismál.
- Stuðla að góðri heilsu starfsmanna, ánægjulegu starfsumhverfi og góðum starfsskilyrðum.
- Stuðla að góðu samstarfi stjórnenda og annara starfsmanna í öryggismálum.
- Tryggja markvissa stjórnun öryggis-, heilsu- og vinnuumhverfismála samkvæmt lögum.
- Vinna að því að hafa öryggi vegfaranda sem best, eins og greint er frá í stefnu Vegagerðarinnar í umferðaröryggismálum.
- Vinna að því með verktökum og öðrum sem fyrir hana starfa að lögum og reglum um öryggismál verði fylgt í hvívetna.

Vegagerðin hefur unnið áhættumat fyrir öll störf hjá stofnuninni. Áhættumatið er endurskoðað á 2-3 ára fresti. Gæðadeild ásamt umhverfis- og öryggisnefndum heldur utan um þá vinnu.

Vegagerðin gaf út umhverfis- og öryggishandbók fyrir starfsmenn Vegagerðarinnar árið 2010 sem finna má á innri vef stofnunarinnar og var prentuðu eintaki dreift til allra starfsmanna. Unnið er að sambærilegri handbók fyrir verktaka og aðra sem starfa fyrir Vegagerðina og er áætlað að hún komi út sumarið 2013.

Vegagerðin hélt námskeið haustið 2012 um notkun og meðferð eiturefna og hættulegra efna, með tilliti til bæði umhverfis- og öryggismála. Rúmlega 80 starfsmenn sóttu námskeiðið.

3.2.2 Umhverfis- og öryggisnefndir

Vegagerðin starfrækir umhverfis- og öryggisnefndir. Í þeim eru starfsmenn frá öllum starfsstöðvum. Nefndirnar fylgjast m.a. með öryggismálum starfsmanna, vinna áhættumat starfa, standa fyrir brunaæfingum o.fl. Öryggisverðir starfa í eða með nefndunum. Þeir hafa eftirlit með framgangi öryggismála á starfssvæði sínu, eru yfirmönnum til ráðgjafar og gera tillögur um aðgerðir. Öryggistrúnaðarmenn eru nokkrir á hverju svæði.

Ársskýrslur nefndanna eru í viðauka VI.

3.2.3 Öryggisáætlun verktaka/ Áætlun um öryggi á vinnusvæði

Áætlunin skal gerð samkvæmt reglum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð.

Verktaki skal leggja fram til samþykktar umsjónarmanns verkkaupa skriflega áætlun um öryggi á vinnusvæðinu sem nær til allra þátta verksins, áður en vinna við þá hefst. Áætlunin skal gera nákvæma grein fyrir þeim ráðstöfunum og aðferðum sem verktaki hyggst beita til að tryggja hollustuhætti á vinnusvæðinu og öryggi starfsmanna sinna.

Áætlunin skal m.a. innihalda:

- Staðla um öryggi sem ráðgert er að fara eftir.
- Tillögu að skipulagi og vinnutilhögun björgunarhóps á vinnusvæðinu.

- Áætlun um flutning, geymslu og varúðarráðstafanir vegna sprengiefna og annarra hættulegra efna og búnaðar til sprenginga.
- Viðbragðsáætlun vegna slysa og bruna. Áætlunin skal gerð í samráði við lögreglu, slökkvilið og sjúkraflutningalið.
- Viðbragðsáætlun vegna hættu á snjóflóðum og skriðuföllum sem innifelur m.a. áætlun um eftirlit og mat á hættu á ofanflóðum ásamt rýmingaráætlun þegar hætta er talin steðja að.

Verktaki skal skipa sérstakan öryggisfulltrúa til að framfylgja áætluninni.

3.3 Norrænt samstarf

Vegagerðin tekur þátt í starfi umhverfisnefndar Norræna vegtækisambandsins. Samstarfið felst aðallega í fundum og málþingum, en einnig rannsóknarsamstarfi. Í umhverfisnefnd sambandsins eru um 60 manns og skiptist nefndin í fimm landsdeildir. Í Íslandsdeildinni eru 12 nefndarmenn, frá Vegagerðinni, Reykjavíkurborg og verkfræðistofunum Eflu, Mannviti, Verkís og VSÓ. Formaður Íslandsdeildarinnar tímabilið 2012-2016 er Matthildur B. Stefánsdóttir og Helga Aðalgeirsdóttir er ritari. Leiðandi formaður og ritari nefndarinnar á tímabilinu eru frá Danmörku.



Mynd 38. Umhverfisnefnd NVF fær fræðslu á Jótlandi í Danmörku (Matthildur B. Stefánsdóttir).

Viðaukar



Mynd 39. Vegamálastjóri í broddi fylkingar hjólreiðamanna (Viktor Arnar Ingólfsson).

I Starfsleyfi verkstæða og þjónustustöðva og starfsleyfisskilyrði

Vegagerðin er handhafi starfsleyfa samkvæmt 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, fyrir verkstæði og þjónustustöðvar. Starfsleyfin eru gefin út af heilbrigðisnefndum viðkomandi sveitarfélaga og þeim fylgja skilyrði, sjá hér á eftir eða á slóðinni *ust.is*, *Atvinnulíf*, *Heilbrigðiseftirlit*, *Starfsleyfisskilyrði*. Starfsleyfin eru skráð í skjalavistunarkerfi Vegagerðarinnar.

Suðursvæði

- Þjónustustöð Selfossi. Starfsleyfi fyrir almennt bifreiðaverkstæði gildir til 13. júlí 2022.
- Þjónustustöð Vík í Mýrdal. Starfsleyfið gildir til 30. október 2019.
- Þjónustustöð Höfn. Starfsleyfi til að starfrækja þjónustuhús með minniháttar viðgerðum á bílum og tækjum. Gildir til 13. des. 2019.

Norðvestursvæði

- Þjónustustöð og vélaverkstæði Borgarnes. Starfsleyfi til reksturs bifreiðaverkstæðis, smurstöðvar og vélaverkstæðis gildir til 15. janúar 2020. Þá gildir leyfið fyrir 6.600 l hráolíugeymi, 2.000 l tjörugeymi og 130.000 l þækilgeymi auk spilliefnageymslu á lokuðu svæði innandyrna eða læstri á lóð.
- Þjónustustöð Ólafsvík. Starfsleyfi til reksturs bifreiða- og vélaverkstæðis gildir til 15. janúar 2020. Þá gildir leyfið fyrir hráolíugeymi, tjörugeymi og þækilgeymi á lóð auk spilliefna-geymslu á lokuðu svæði innandyrna eða læstri á lóð.
- Vélaverkstæði Ísafirði. Starfsleyfi fyrir almennt bifreiðaverkstæði gildir til desember 2018. Þjónustustöð á Hólmavík/Strandabyggð. Starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða fyrir lítið bifreiða- og vélaverkstæði gildir til 27. apríl 2019.
- Þjónustustöð á Patreksfirði/Vesturbyggð. Starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða fyrir lítið bifreiða- og vélaverkstæði gildir til 27. apríl 2019.
- Bifreiðaverkstæði og vélaverkstæði Búðardal. Starfsleyfi gildir til 15. janúar 2020. Þá gildir leyfið fyrir 6.000 l hráolíugeymi, 4.000 l tjörugeymi og 6.000 l þækilgeymi á lóð auk spilliefnageymslu á lokuðu svæði innandyrna eða á læstri lóð.
- Þjónustustöð Hvammstangi. Starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra til að starfrækja verkstæðisaðstöðu gildir til 28. ágúst 2019.
- Þjónustustöð Sauðárkróki. Starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra til að starfrækja verkstæðisaðstöðu gildir til 28. ágúst 2019.

Norðaustursvæði

- Þjónustustöð Akureyri. Samkvæmt samtali svæðisstjóra við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands er ótímabundið starfsleyfi í gildi fyrir þjónustustöðina.
- Þjónustustöð Húsavík. Starfsleyfi heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra fyrir áhalda- og tækjahús gildir til 18. apríl 2019.
- Þjónustustöð Þórshöfn. Starfsleyfi frá heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra fyrir áhalda- og tækjahús gildir til 5. nóvember 2019.
- Þjónustustöð Vopnafirði. Starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd Austurlands til að starfrækja þjónustuhús, með minniháttar viðgerðum á eigin bílum og tækjum, gildir til 20. apríl 2019.
- Þjónustustöð Fellabær. Starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd Austurlands til að starfrækja þjónustuhús, með minniháttar viðgerðum á eigin bílum og tækjum, gildir til 20. apríl 2019.
- Þjónustustöð Reyðarfirði. Starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd Austurlands fyrir viðgerðarað-stöðu fyrir eigin vélar, gildir til 23. nóvember 2022.

Suðvestursvæði

- Þjónustustöð Hafnarfirði. Heilbrigðisfulltrúi skoðaði árið 2006 og taldi starfsemi Vegagerðarinnar þar ekki þurfa sérstakt starfsleyfi. Vörubílastöðin sem á húsið og Vegagerðin leigir af er með starfsleyfi.

ALMENN STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR MENGANDI STARFSEMI - Auglýsing nr. 582/2000.

1. Almennt

1.1 Sækja skal um nýtt starfsleyfi ef gera á umtalsverðar breytingar á rekstrinum, taki nýr rekstraraðili við eða starfsemin flytur.

1.2 Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

1.3 Í starfsleyfi eru skráðar sértækar kröfur til mengunarvarna sem rekstur þarf að uppfylla.

1.4 Við reksturinn skal leitast við að draga úr álagi á umhverfið, beita bestu fáanlegu tækni til að ná þeim markmiðum og skipuleggja orkunotkun á sem vistvænastan hátt.

2. Lóð og húsnæði

2.1 Lóð og húsnæði skal vera snyrtilegt og vel við haldið. Við húsnæðið skal vera viðurkennt sorpílát.

2.2 Komið skal í veg fyrir að úrgangur og annað sem ekki tilheyrir starfseminni safnist fyrir á lóð.

2.3 Fyrirtækið virði það skipulag og nýtingu lóðar sem samþykkt hefur verið af byggingaryfirvöldum.

2.4 Afla ber leyfis fyrir staðsetningu olútanka, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

3. Mengunarvarnir

3.1 Forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að draga úr hljóðmengun og koma í veg fyrir óþægindi af völdum hávaða frá starfseminni, sbr. reglugerð nr. 933/1999 um hávaða.

3.2 Loftræstingu skal þannig háttáð að hún valdi ekki fólki í nágrenninu óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna loft- eða hávaðamengunar. Komi upp vandamál vegna lykta eða mengandi efna frá útblæstri er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að krefjast úrbóta s. s. breytinga á útrásum, eða hreinsunarbúnaðar.

3.3 Upplýsingar um legu og fyrirkomulag frárennislagna séu tiltækar í fyrirtækinu. Engar breytingar verði gerðar á frárennsli sem skerði mengunarvarnir sem fyrir eru né takmarki möguleika á að koma þeim fyrir í framtíðinni. Fráveitukerfi skal vera tvöfalt sé þess talin þörf. Mengunarvarnabúnaði skal komið fyrir á fráveitu í samræmi við ákvæði III. kafla reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

3.4 Í meðferð alls úrgangs verði gætt sérstaklega að flokkun hans sé í samræmi við möguleika á endurvinnslu og/eða viðurkenndri förgun eins og hún er skilgreind á hverjum tíma. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 805/1999 um úrgang eins og við á.

3.5 Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.

3.6 Spilliefni og hættuleg efni verði meðhöndluð af varúð og aðgreind frá öðrum hráefnum, afurðum og úrgangi. Spilliefnum sé skilað í viðurkennda söfnunar- eða móttökustöð. Mikilvægt er að tryggja greinargóðar merkingar íláta og aðskilin afmörkuð rými eða svæði. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni.

3.7 Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerða nr. 656/1997 um varnir gegn mengun af völdum ósoneyðandi efna og nr. 533/1993 um kæli- og varmadælukerfi með ósoneyðandi kælimiðlum, ásamt síðari breytingum.

4. Eftirlit

4.1 Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit. Heilbrigðisnefnd ber ábyrgð á mengunarvarnaeftirliti og framkvæmd þess undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar. Rekstraraðili greiðir eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá viðkomandi heilbrigðiseftirlits, eins og hún er hverju sinni.

II Yfirlit um röskun og endurheimt votlendis – Votlendisbókhald

Röskun: Vegur (nr.) áfangi	Flatarmál (ha)
Borgarfjarðarbraut (50) um Vatnshamraleið, Andakílsá-Kleppjárnsreykir	-4
Vestfjarðavegur (60) um Bröttubrekku (Dalafjall)	-2
Snæfellsnesvegur (áður Ólafsvíkurv.) (54) -Útnesvegur vegamót. Bjarnarfoss-Egilsskarð	-2
Vatnaleið (56) um Vatnaheiði á Snæfellsnesi	-24
Þverárfjallsvegur (744)	-36
Snæfellsnesvegur (54) um Fróðárheiði	-1
Snæfellsnesvegur (54) Kolgrafarfjörð	-1
Útnesvegur (574) um Klifhraun, Gröf-Arnarstapi	-9
Hringvegur (1) um Fljótsheiði, Fosshóll-Aðaldalsvegur	-12
Hringvegur (1) Austurlandi, Biskupsháls-Skjöldófsstaðir, Háreksstaðaleið	-21
Norðausturvegur (85), Vopnafjarðarheiði, Brunahvammsháls-Hringvegur	-9
Norðausturvegur (85), Tjörnes 3. áfangi Bangastaðir-Víkingavatn	-5
Norðausturvegur (85), Tjörnes 4. áfangi Breiðavík-Bangastaðir	-2
Hringvegur (1) í Skjöldófsstaðahnjúki, Ármótasel - Skjöldófsstaðir 2	-19
Djúpvegur (60) um Þröskulda (áður Tröllatunguvegur (605))	-26
Hringvegur (1) um Norðurárdal í Skagafirði	-1
Bræðratunguvegur	-2
Héðinsfjarðargöng og vegur milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar um Tröllaskaga	-10
Norðausturvegur (85) um Hólaheiði til Raufarhafnar, Hófaskarðsleið-flugvöllur	-7
Norðausturvegur (85), Brunahvammsháls - Vopnafjörður	-89
Raskað alls	-281
Endurheimt votlendi	
Staðarhús Borgarbyggð	28
Kolviðarnestjörn Eyjahreppi	45
Steinsstaðir Skagafirði	22
Framengjar í Mývatnssveit	38
Framengjar og Nautey í Mývatnssveit	17
Syðri Hóll í Eyjafirði	3
Framengjar í Mývatnssveit	14
Sandur í Aðaldal	113
Framnes / Kaldrananes við Bjarnarfjörð á Ströndum	30
Reykhólar, Kötulund	31
Endurheimt alls	341
Mismunur	60

III Frágangur eldri efnistökusvæða 2012, yfirlit yfir námufrágang 2000 – 2012 og drög að áætlun um frágang árið 2013 - Greinargerð jarðfræðideildar

Í töflum 1 og 2 er yfirlit yfir þær eldri námur sem gengið var frá á árinu 2012. Auk þeirra náma sem eru á listanum er samhliða nýbyggingum gengið frá öllum efnistökusvæðum í viðkomandi verki, ef ekki er fyrirhuguð áframhaldandi efnistaka. Einungis var lokið við frágang á 18 eldri námum og að hluta til við 5 námur á árinu 2012. Markmið langtímaáætlunar er að gengið skuli frá 60 eldri námum árlega og vantar því mikið á að markmiðinu hafi verið náð á árinu 2012. Meginástæða þess er að fjárveiting til námufrágangs hefur verið skorin verulega niður, vegna samdráttar í efnahagslífinu en einnig má nefna að landeigendur hafa í mörgum tilfellum sett sig upp á móti frágangi náma á þeirra landi. Fjárveitingar fyrir árið 2013 verða svipaðar og fyrir árið 2012.

Svæði	Fjöldi frágenginna náma	Fjöldi hálffrágenginna náma	Markmið langtímaáætlunar Vegagerðarinnar 2004-2018
Suðursvæði	3	1	13
Suðvestursvæði	2		1
Norðvestursvæði	10		31
Norðaustursvæði	3	4	16
Samtals allt landið	18	5	60

Svæði	Námuheiti	Fastnúmer námu	Frágengin	Hálf-frágengin	Athugasemdir
Suðursvæði	Sandfellsnáma	16827	X		Sáning og áburður 2013
	Sandfellsnáma 2	19380	X		Sáning og áburður 2013
	Ölvisvatnsnáma	20444	X		Sáning og áburður 2013
	Stampagil	22100		X	Fínjöfnun sáning og áburðardreifing 2013
Suðvestursvæði	Leirdalshöfði	16876	X		
	Sandfellsklofi	20483	X		

Svæði	Námuheiti	Fastnúmer námu	Frágengin	Hálf-frágengin	Athugasemdir
Norðvestursvæði	Syðridalsvegur	19199	X		
	Austmannsfall	17617	X		
	Narfeyri	17280	X		
	Harastaðir	17430	X		
	Stóra Tunga	17445	X		
	Bílduhólsás vestan vegar	17246	X		
	Stekkjarmelur	15834	X		
	Holtavörðuheidi	18823	X		
	Hellisá	15886	X		
	Brúarreykir	16999	X		
Norðaustursvæði	Þorvaldsdalsá	18264		X	Mun ljúka 2013
	Vatnsendamelar	16075	X		Sáning 2013
	Þverá í Reykjahverfi	21345		X	Mun ljúka 2013
	Hlíðarnáma Langanesi	18465		X	
	Búlandsá	16185	X		
	Rauðaskriða	20225		X	Ákveðið í samráði við sveitarfélag að hafa námuna opna
	Innan við Streiti	16173	X		

Yfirlit yfir frágang eldri náma 2000 – 2012 og drög að áætlun fyrir árið 2013

Vorið 1999 voru sett í lög um náttúruvernd nr. 44/1999 ákvæði um námufrágang. Í 49. grein laganna var sett inn ákvæði um að efnistökusvæði skuli ekki standa ónotað og ófrágengið lengur en í þrjú ár og ákvæði til bráðabirgða kveður á um frágang á eldri efnisnámu, sem ekki voru lengur í notkun.

Á árinu 2000 hóf Vegagerðin átaksverkefni við námufrágang í samræmi við ákvæði laganna. Þá var sett markmið um að ganga frá 35 eldri námu árlega. Fyrir setningu laganna hafði vinna við frágang eldri efnistökusvæða verið fremur ómarkviss þó að í mörgum tilfellum hafi verið gengið frá námu að loknum framkvæmdum. Það voru því fjölmargar námur sem féllu undir ákvæðið um eldri ófrágengin námusvæði sem ekki voru lengur í notkun.

Í apríl 2002 gáfu Vegagerðin, Náttúruvernd ríkisins (nú Umhverfisstofnun), Landsvirkjun og 7 aðrir aðilar út ítarlegt leiðbeiningarit um námufrágang sem nefndist *Námu – efnistaka og frágangur*. Ritið hefur mikið verið notað m.a. við gerð útboðslýsinga um námufrágang. Ritið hefur nú verið endurskoðað og var gefið út sem vefurinn namur.is á degi umhverfisins vorið 2013.

Á fundi yfirstjórnar Vegagerðarinnar í desember 2003 var samþykkt tillaga um gerð langtímaáætlunar fyrir frágang eldri efnistökusvæða. Áætlunin var gefin út í skýrslu í júní 2004, sem nefnist *Langtímaáætlun um námufrágang 2004 – 2018*.

Í langtímaáætluninni var mörkuð sú stefna Vegagerðarinnar að frágangi náma, sem ekki eru lengur í notkun, skuli lokið á fimmtán árum þ.e. á árunum 2004 – 2018. Það voru um 897 námur sem Vegagerðin áætlaði að ganga frá á þessum 15 árum og var markmiðið að ganga frá um 60 gömlum námum árlega.

Í töflu 3 er yfirlit yfir frágang eldri efnisnáma á árunum 2000 til 2012. Alls hefur á þessum 13 árum verið gengið frá 422 eldri efnistökusvæðum þ.e. að meðaltali 32 námum árlega. Auk þess hefur verið gengið frá fjölmörgum námum í tengslum við nýbyggingar, í samræmi við náttúruverndarlög, en þar er oft um að ræða námur sem opnaðar voru sérstaklega vegna viðkomandi verks. Almenna reglan er sú að ganga frá öllum námum og skeringum við lok nýbyggingar vega.

Eftir útgáfu langtímaáætlunarinnar hefur á 9 árum verið lokið við frágang á 293 gömlum námum eða að meðaltali 33 námum árlega og vantar því mikið upp á að tekist hafi að uppfylla markmiðið um að ganga frá 60 námum árlega. Í töflum 4 og 5 má sjá að enn er eftir að ganga frá 542 af þeim 897 námum sem tilgreindar voru í langtímaáætluninni.

Tafla 3. Frágangur eldri efnisnáma á árunum 2000 – 2012			
Frágangssár	Frágengnar námur Fjöldi	Hálffrágengnar námur Fjöldi	Þar af ekki á námuskrá
2000	13		
2001	30		
2002	35		
2003	51		
Í júní 2004 var gefin út langtímaáætlun um námufrágang			
2004	42	3	4
2005	26	5	2
2006	24		1
2007	44	10	
2008	49	2	
2009	47		3
2010	22	2	
2011	21	2	
2012	18	5	
Samtals 2000-2003	129		
Samtals 2004-2012	293	29	10
Samtals 2000-2012	422	29	10

Í töflu 4 er gerður samanburður á stöðu frágangs allra náma í námukerfinu annars vegar í júní 2004 og hins vegar í mars 2012. Heildarfjöldi náma í námukerfinu var 3031 náma 2004 og 3186 námur 2012. Ætlunin er að í námukerfinu séu skráðar allar námur á landinu óháð því hver námurétthafinn er og óháð því hvort náman er í notkun eða ekki. Heildarfjöldi ófrágenginna og hálffrágenginna náma hefur minnkað úr 1621 námu í 1334 eða um 287 námur. Þar af telst Vegagerðin vera ábyrg fyrir frágangi á

718 námum en hafa verður í huga að ýmsar af þessum námum eru í notkun og því ekki fyrirhugað að ganga frá þeim á næstunni.

Umhverfisstofnun hefur samtals vottað frágang á 464 námum. Stefnt er að því að stofnunin votti frágang á þeim námum sem tilheyra verkefninu um eldri efnistökusvæði en úttekt stofnunarinnar á frágangi við nýbyggingar er nú hluti af úttekt á viðkomandi verki í heild.

Upplýsingar um námufrágang eru skráðar í námukerfi Vegagerðarinnar og þar eru einnig skráðir þeir aðilar sem bera ábyrgð á frágangi viðkomandi námu. Vottun Umhverfisstofnunar er einnig skráð í námukerfið. Þegar Vegagerðin hefur lokið frágangi á námu þá er stofnunin tekin af skrá yfir aðila sem ábyrgð bera á frágangi hennar.

Tafla 4 Yfirlit yfir stöðu frágangs allra náma í námukerfinu

Staða frágangs	Staðan í júní 2004				Staðan í mars 2013			
	Samtals	Vg ábyrg fyrir frágangi	Á frágangs-áætlun Vg	Ekki á áætlun Vg	Samtals	Vg ábyrg fyrir frágangi	Á frágangs-áætlun Vg	Ekki á áætlun Vg
Frágengnar	1410				1803			
Ófrágengnar/ Hálffrág.	1621	1103	897	206	1334	718	542	176
Óskráður frágangur	Ekki skráð				49			
Frágengnar með vottun	Ekki skráð				464			
Samtals	3031	1103	897	206	3186	718	542	176



Mynd 40. Grafa (G. Pétur Matthíasson).

Í töflu 5 er yfirlit yfir stöðu frágangs þeirra náma sem voru í langtímaáætluninni. Áætlað var að ganga frá 897 námum og eru nú eftir 542 ófrágengnar eða hálffrágengnar námur af þeim lista og 278 frágengnar eða samtals 820 námur. Ástæðan fyrir því að námurnar eru færri nú er aðallega sú að nokkuð algengt er að námur sem voru nálægt hverri annarri og í sömu jarðmynduninni hafi verið sameinaðar undir einu námunúmeri. Á hinn bóginn er nokkuð um að valin séu eldri námusvæði til frágangs, sem ekki voru á langtímaáætlun, en þar á meðal eru jafnvel lítil námuvik sem voru ekki í námuskránni áður, sjá töflu 3. Einnig verður að hafa í huga að nokkuð er um að landeigendur eða aðrir námurétthafar hefji aftur efnistöku í námum sem Vegagerðin hafði áður gengið frá og þá er námuskráningunni breytt í *hálffrágengin* eða jafnvel *ófrágengin* og Vegagerðin tekin af sem ábyrgðaraðili.

Tafla 5. Samanburður á stöðu frágangs eldri efnisnáma sem voru á ábyrgð Vegagerðarinnar 2004 og í langtímaáætlun um námufrágang 2004-2018

	Staða frágangs eldri náma 2004	Staða frágangs eldri náma 2013
Frágengnar		278
Ófrágengnar/hálffrágengnar	897	542

Í töflu 6 er sýnd sýnd staða frágangs eldri námusvæða á núverandi svæðaskiptingu Vegagerðarinnar. sem tók gildi við skipulagsbreytingar þann 1. janúar 2013. Þá tóku þau stjórnunarsvæði við af þeim sem eru í töflum 1 og 2. Enn er miðað við ákvæði langtímaáætlunar um að ganga frá 60 námum árlega enda er óraunhæft að nægt fjármagn fáiast við núverandi aðstæður í efnahagslífinu til að standa að fullu við langtímaáætlun. Til að ná því markmiði að ganga frá þeim 542 námum sem eftir eru á listanum á þeim 6 árum sem eftir eru til ársins 2018 þyrfti að ganga frá 90 námum árlega en eins og fram kemur í töflunni gera fyrstu drög að áætlun fyrir árið 2013 einungis ráð fyrir að gengið verði frá 40 gömlum námum á árinu.

Tafla 6. Skipting ófrágenginna og hálffrágenginna eldri náma á langtímaáætlun á svæði Vegagerðarinnar.

Svæði Vegagerðarinnar	Fjöldi ófrágenginna náma langtímaáætlun	Markmið langtímaáætlunar 2004-2018	Drög að áætlun um frágang 2013
Suðursvæði	79	9	6
Vestursvæði	163	18	12
Norðursvæði	202	22	15
Austursvæði	98	11	7
Samtals	542	60	40

Af framansögðu má ljóst vera að ólíklegt er að það muni takast að standa við markmið langtímaáætlunar um námufrágang fyrir árin 2004 - 2018 nema að verulega aukið fjármagn fáiast til þessa verkefnis á næstu 5-6 árum.

Reykjavík, 20. mars 2013

Gunnar Bjarnason

IV Skilgreiningablað – dæmi

Vegur:	861	Ásbyrgisvegur			
Kafli:		Norðausturvegur-Ásbyrgi			
Staður:	Kelduhverfi				
Vegflokkur:	Landsvegur				
Sveitarfélag:	Kelduneshreppur	Svf.nr.: 6701			
Svæði:	Norðaustursvæði				
Vegtegund	Lengd km	Hönnunarumferð ÁDU	Áætlað upphaf framkvæmda Ártal	Vísitala	Kostnaðar-áætlun í millj. kr.
C1	0,7	208	Ekki á áætlun	7607	12
Markmið - ástandslýsing	Að endurbyggja veg 861, Ásbyrgisveg, frá Norðausturvegi, á mótis við verslunina inn að tjaldsvæði. Um nýtt vegstæði er að ræða.				
Samræmi við markmið samgönguáætlana	Framkvæmdin er í samræmi við samgönguáætlun, um að auka umferðaröryggi og tryggja greiðari samgöngur.				
Umfang - lengdir, tengingar, vatnsop, áfangaskipting	Lengd kaflans er um 0,7 km. Samkvæmt skipulagsuppdrætti er gert ráð fyrir að 6 tengingar verði að þessum vegi; að verslun, íbúðarhúsi, skógarvarðarhúsi, hóteli, Gljúfrastofu og tjaldsvæði. Engar brýr eru á kaflanum en ræsi verða sett þar sem við á. Framkvæmdinni verður ekki áfangaskipt.				
Umferðarforsendur - akandi, hjólandi, gangandi, ríðandi	Umferð árið 2003 var 175 b/d ÁDU á umræddum kafla. Sumardagsumferð er töluvert meiri. Framreiknuð umferð árið 2023, 20 árum seinna er 208 b/d ÁDU. Gert er ráð fyrir sérstökum göngustígum.				
Vegtegund - breidd vega og brúa, hönnunarhraði	Ekki hefur verið tekin ákvörðun um vegtegund en þar sem væntanleg verður töluvert um rútur á þessari leið, er eðlilegt að miða við vegtegund C1 með heildarbreidd 7,5 m, eða vegtegund C2 með heildarbreidd 6,5 m. Hönnunarhraði er áætlaður 30-50 km/klst.				
Valkostir með tilliti til leiðavals	Vegurinn verður lagður samkvæmt skipulagstillögu frá Tækniþingi ehf. Ekki er ástæða til að skoða aðra möguleika.				
Vegsvæði - landlýsing, efnistaka, grundun brúa og vatnafar	Vegstæðið er flattent og að mestu gróið. Efnistaka verður væntanlega úr eyrum Jökulsár á Fjöllum.				
Upplýsingar um grunnástand umhverfis	Framkvæmdasvæðið liggur á litlum kafla innan Þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum. Á Náttúruverndaráætlun 2004-2008 er fyrirhuguð stækkun á þjóðgarðinum. Ef þær breytingar ná fram að ganga mun framkvæmdasvæðið allt liggja innan hans.				
Möguleg umhverfisáhrif og mat	Umhverfisáhrif verða nokkur þar sem um nýtt vegstæði verður að ræða. Umferðaröryggi vegfarenda mun aukast vegna framkvæmdarinnar og samgöngur verða greiðari.				
Samánburður valkosta	Vegurinn verður lagður samkvæmt skipulagstillögu Tækniþings ehf.				
Afstaða gagnvart m.á u., skipulagi og framkvæmdaleyfi og umsögnum og heimildum opinberra stofnana	Matskylda framkvæmdarinnar hefur verið könnuð og er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Tækniþing ehf. vann tillögu að deiliskipulagi þjónustusvæðisins í þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum. Það hefur verið samþykkt. Sótt verður um framkvæmdarleyfi til Kelduneshrepps.				

Staða verks, tíma- áætlun, grundvöllur kostnaðaráætlunar og staða fjármögnunar	Fyrir liggur skipulagsuppdráttur. Verkhönnun hefst þegar ljóst verður hvenær verkið verður tekið inn á vegáætlun. Kostnaðaráætlun byggð á kílómetraverði og mati á aðstæðum gerir ráð fyrir að vegurinn kosti 12 m.kr. og er þá miðað við veg í flokki C1.
Móttaka athugasemda vegna verksins	Vegagerðin, Miðhúsavegi 1, 600 Akureyri. Sími: 522 1000.
Tölvupóstfang	nn@vegagerdin.is

Fylgiskjöl:
 Skipulagsuppdráttur.pdf
 Ásbyrgisvegur.pdf



Mynd 41. Orlofsbústaðurinn að Steinsstöðum í Skagafirði, Mælifellshnjúkur í baksýn (Valgeir Kárason).

V Skipan umhverfisnefnda

Nefndirnar eru skipaðar af svæðisstjórum samkvæmt verklagsreglu. Þær voru þannig mannaðar árið 2012:

Suðurland

Dagný Engilbertsdóttir skrifstofustjóri Selfossi, formaður

Jón Ágúst Jónsson vegtæknir Selfossi, öryggisvörður

Bjarni Jón Finnsson yfirverkstjóri Vík

Hreiðar Jónsson flokksstjóri Selfossi

Suðvesturland og miðstöð

Ásbjörn Ólafsson verkefnastjóri miðstöð, öryggisvörður og formaður

Jóhann B. Skúlason yfirverkstjóri SV-svæði, öryggisvörður

Gunnhildur Skaftadóttir verkefnastjóri SV-svæði

Jens Matthíasson vélamaður SV-svæði

Pórður V. Njálsson vegtæknir SV-svæði

Eyþóra Hjartadóttir lögfræðingur miðstöð, öryggisvörður

Etna Sigurðardóttir viðskiptafræðingur miðstöð, öryggistrúnaðarmaður

Bragi J. Sigurvinsson umferðareftirlitsmaður miðstöð, öryggistrúnaðarmaður

Vesturland

Sæmundur G. Jóhannsson flokksstjóri Búðardal, formaður

Guðjón Hrannar Björnsson verkstjóri og öryggistrúnaðarmaður Ólafsvík

Guðmundur S. Pétursson tæknifræðingur Borgarnesi

Ingi B. Reynisson verkstjóri Borgarnesi

Vestfirðir

Pétur I. Ásvaldsson verkstæðisformaður Ísafirði, formaður

Sigurður Guðmundur Sverrisson Ísafirði, öryggisvörður

Gunnar Sigurgeirsson verkefnastjóri Ísafirði

Halldór Jónsson vélamaður Hólmavík

Gísli Einar Sverrisson flokksstjóri Patreksfirði

Norðurland vestra

Valgeir Steinn Kárason verkefnastjóri Sauðárkróki, formaður og öryggisvörður

Skúli Halldórsson vélamaður Sauðárkróki

Ingibjörn P. Gunnarsson vélamaður Hvammstanga

Norðurland eystra

Eiríkur Bóasson eftirlitsmaður Akureyri, formaður

Kristján B. Bjarnason bifvélavirki Akureyri, öryggistrúnaðarmaður

Rúnar Jónsson vegtæknir Akureyri, öryggisvörður

Sóley Jónasdóttir verkefnastjóri Akureyri
Björn Þórisson verkstjóri Þórshöfn
Guðmundur K. Jóhannesson flokksstjóri Húsavík

Austurland

Kristinn Ó. Briem skrifstofustjóri Reyðarfirði, formaður og öryggisvörður
Reynir Gunnarsson rekstrarstjóri Höfn
Guðjón Magnússon verkefnastjóri Reyðarfirði
Magnús Jóhannsson yfirverkstjóri Fellabæ
Jón S. Bjarnason verkstjóri Höfn

Umhverfisráð

Matthildur B. Stefánsdóttir deildarstjóri áætlana- og umhverfisdeild miðstöð, formaður
Ásrún Rudolfsdóttir gæðastjóri miðstöð
Einar Pálsson deildarstjóri þjónustudeild miðstöð
Erlingur Freyr Jensson deildarstjóri áætlana- og hönnunarkaup Selfoss
Magnús V. Jóhannsson svæðisstjóri Norðvestursvæði
Ólöf Dagný Thorarensen forstöðumaður starfsmannadeildar miðstöð
Richard A. Hansen deildarstjóri rekstrardeild miðstöð

Starfsmenn Vegagerðarinnar geta fundið nýjustu upplýsingar um starfsmenn í umhverfis- og öryggisnefndum í stoðhandbók gæðadeildar, kafla 6, og um öryggisverði- og öryggistrúnaðarmenn í fréttagrúnninum, í frétt frá forstöðumanni starfsmannadeildar.



Mynd 42. Kaffitími hjá brúasmiðum.

VI Umhverfis- og öryggisnefndir og -ráð Vegagerðarinnar - Ársskýrslur 2011

Vegagerðin starfrækti sjö umhverfis- og öryggisnefndir á árunum 1998-2012. Í þeim sátu starfsmenn frá öllum starfsstöðvum. Nefndirnar unnu meðal annars að skógræktar- og uppgræðslumálum, gerð göngustíga og fegrun starfsstöðva og orlofshúsa starfsmannafélaganna á árlegum umhverfisdögum, auk þess að fylgjast með öryggismálum starfsmanna, vinna áhættumat starfa, standa fyrir brunaæfingum o.fl. Nefndirnar hafa einnig staðið að ýmiskonar fræðslu um umhverfis- og öryggismál. Við skipulagsbreytingar um áramót 2012/2013 var ákveðið að nefndirnar yrðu fjórar, ein á hverju svæði.

Öryggisverðir eru í nefndunum, eða starfa náið með þeim og í mörgum tilvikum öryggistrúnaðarmenn líka. Nefndirnar skipuleggja umhverfis-, öryggis- og tiltektardaga, vinna að áhættumati starfa, gera öryggisúttektir á vinnuumhverfi og standa fyrir fræðslu um umhverfis- og öryggismál fyrir starfsmenn.

Umhverfisdögum var komið á fyrir mörgum árum í þeim tilgangi að gera alla starfsmenn virkari þátttakendur í umhverfis- og öryggismálum. Ársskýrslur nefndanna eru hér á eftir.

Umhverfis- og öryggisnefnd Vesturlands

Enginn formlegur fundur haldin í nefndinni á árinu.

Umhverfisdagur var haldin í Sauðhúsaskógi þar var tekið til, málað og grillað í lok dags og haft gaman.

Tiltektardagur var í desember.

Dóra hætti í nefndinni á árinu og Ingi B. Reynisson kom í hennar stað.

F.h. nefndarinnar, Sæmundur G. Jóhannsson.

Umhverfis- og öryggisnefnd Suðvesturlands

Einn fundur var haldinn í maí.

Tiltektardagur var haldinn þann 7. desember. Að loknu morgunkaffi hélt Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri erindi um landgræðslu á vegsvæðum og á eyðisöndum á Suðurlandi. Að því loknu tóku starfsmenn til hendinni hver á sínu vinnusvæði og skreyttu fyrir jólin. Dómnefnd gekk um hús að venju bæði fyrir og eftir tiltekt. Veitt voru þrenn verðlaun á jólagleði starfsmannafélagsins að loknum vinnudegi.



Mynd 43. Þessir starfsmenn fengu verðlaun fyrir besta árangur á árlegum umhverfis-, öryggis- og tiltektardegi stofnunarinnar.

Umhverfis- og öryggisnefnd Norðurlands eystra

Tveir fundir voru haldnir á árinu.

Umhverfisdagurinn var haldinn að Víðgrund í Þórðarstaðaskógi þann 25. maí í samstarfi við orlofshúsanefndina. Dagskráin hófst með sýningu á gamalli kvikmynd af vegafurum frá árunum 1950-1970 sem Steindór Steindórsson og Þórður Snæbjörnsson tóku á sínum tíma. Öllum fyrrverandi starfsmönnum Vegagerðarinnar, sem hættir eru vegna aldurs, var sérstaklega boðið á sýninguna og spunnust miklar umræður um myndefnið og úr varð hin ágætasta skemmtun.



Mynd 44. Víðgrund í Fnjóskadal (Hafdís Eygló Jónsdóttir).

Um hádegi var farið með rútu að Víðgrund og unnið þar við ýmis viðhaldsverkefni. Deginum lauk með grillveislu og heimferð var klukkan fjögur síðdegis.

Skyndihjálparnámskeið var haldið í mars 2012. Námskeiðið var vel sótt og starfsfólk almennt ánægt með námskeiðið.

Þann 18. desember fór nefndin í úttekt á starfsstöð Vegagerðarinnar á Þórshöfn.

Engin málefni bárust nefndinni á árinu.

Um áramótin tók gildi ný svæðaskipting Vegagerðarinnar og í því sambandi óskaði nefndin eftir fundi með nýjum svæðisstjóra, á svæði 50, Gunnari Helga Jóhannessyni, um væntanlegar breytingar og áhrif þeirra á nefndina á Akureyri.

Akureyri 12. mars 2013, Eiríkur Bóasson

Umhverfis- og öryggisnefnd Norðurlands vestra

Umhverfisdagur starfsstöðvarinnar á Sauðárkróki var haldinn í lok maí.

Unnu starfsmenn að viðhaldi á orfshúsinu að Steinsstöðum. Húsið var málað og borið á tréverk, veggi og pall. Einnig var unnið við að snyrta gróður og umhverfi hússins, ásamt því að malbera bílaplan, sem jafnframt var stækkað.

Að loknu góðu dagsverki var grillað og fólk gæddi sér á dýrindis lambalærisneiðum og fleira góðgæti.

Tiltektardagur var haldinn í starfsstöðinni á Sauðárkróki föstudaginn 14. desember. Byrjað var á hefðbundinni tiltekt í tölvum á skráarsvæðum og í tölvupósti ásamt almennri tiltekt á skrifstofum og verkstæði, fegrað og skreytt eftir áhuga og smekk. Klukkan 10 fengum við heimsókn frá starfsmanni VIRK starfsendurhæfingu Sauðárkróki, Hönnu Dóru Björnsdóttur, sem hélt erindi um heilsuvernd og heilsuefningu starfsmanna, auk þess að kynna réttindi og þjónustu sem stendur til boða á þessu sviði. Var mikil ánægja með erindið, mörgum spurningum svarað og starfsmenn mun fróðari en áður.



Myndir 45 -48. Guðmundur Sigurbjörnsson að malbera í skeifunni, Haraldur Sigurðsson ber á pallinn, Erla Valgarðsdóttir vinnur við að klippa og snyrta við trjágróður og Sverrir Valgarðsson við grillið (Valgeir Kárason).

Stöðugt er unnið að viðhaldi húsnæðis og hugað að öryggi starfsmanna. Áhættumat starfa hefur verið unnið fyrir þjónustustöðina. Rýmingaráætlun er til svo og teikning af flóttaleiðum með eldvarnarbúnaði fyrir húsnæðið. Reyk-/eldskynjara vantar þó enn í nokkur rými húsnæðins, en allir uppsettir skynjarar eru samtengdir í stjórnstöð og öryggismiðstöð.

Þess er gætt að starfsmenn hafi viðeigandi vinnufatnað og hlífðarbúnað. Þjónustustöðin hefur komið sér upp merkjakerrum og ljósabúnaði fyrir vinnu úti á vegum og starfsmenn fengið uppfræðslu um vinnusvæðamerkingar.

Á Hvammstanga hefur ekki verið hefð fyrir sérstökum umhverfisdögum, en á hverju vori er tekið til á lóð starfsstöðvarinnar, snyrt og hlúð að gróðri, ásamt almennu viðhaldi. Þá eru settar upp jólaskreytingar á aðventu og viðhöfð almenn tiltekt.

Sauðárkróki, 20. mars 2013, Valgeir S. Kárason.

Umhverfis- og öryggisnefnd Vestfjarða

Starfssemi nefndarinnar lá að mestu niðri á árinu. Nokkrir starfsmenn fylgdust með fræðsluerindi landgræðslustjóra í miðstöð, um fjarfundabúnaðinn, á tiltektardeginum í byrjun desember.

Formaður nefndarinnar hefur óskað eftir því við svæðisstjóra að nýr formaður verði skipaður.

F.h. nefndarinnar, Pétur I. Ásvaldsson

Umhverfis- og öryggisnefnd Suðurlands

Umhverfisdagurinn var haldinn um miðjan maí. Ákveðið var að taka í gegn báða sumarbústaðina. Selfyssingar fóru í bústaðinn í Reykjaskógi og Víkverjar fóru á Klaustur. Bústaðirnir voru þrífir að innan sem utan og borið á allt tréverk. Gekk þetta fljótt og vel fyrir sig.

Í desember var síðan haldinn tiltektardagur. Þá tók hver og einn til á sinni skrifstofu og áhaldahúsið fékk andlitslyftingu. Nefndin bauð upp á vöflur með morgunkaffinu. Eftir hádegi fengum við sjúkrabjálfa til okkar og fór hann yfir mikilvægi hreyfingar og kenndi okkur ýmsar æfingar sem hægt er að gera við vinnuna.

Flokkun sorps gengur alveg þokkalega, þó kemur fyrir að hlutir rati ekki í rétta tunnu á kaffistofunni, en þar eru fjórar tunnur, fyrir lífrænan úrgang, plast, málma, fernur og pappír.

Ákveðið var að skila aftur spilliefnakari þar sem það var mjög lítið notað. Fengum við timburgám og ruslagám fyrir almennt sorp í staðinn. Útbúin var nokkurskonar skúffa í áhaldahúsinu fyrir spilliefni í stað gámsins.

F.h. umhverfisnefndar, Dagný Engilbertsdóttir

Umhverfis- og öryggisnefnd Austurlands

Enginn formlegur fundur var haldinn í nefndinni.

Þegar orlofshúsið Lónsbúð var tilbúið til útleigu var farið í að taka til á lóðinni og gert klárt fyrir sumarið.

Tiltektardagar voru haldnir í áhaldahúsunum fyrir jólin.

Formaður nefndarinnar, Kristinn Briem, lét af störfum á árinu vegna aldurs og eru honum þökkuað áralöng störf fyrir Vegagerðina í þágu umhverfis- og öryggismála.

F.h. umhverfisnefndar, Guðjón Magnússon.

Umhverfis- og öryggisráð

Ráðið fundaði einu sinni á árinu, þann 12. desember.

Umfjöllunarefni voru eftirfarandi:

- Ákveðið var að senda yfirstjórn erindi um að endurvekja fundi formanna umhverfis- og öryggisnefnda og –ráðs, því þeir hefðu verið mikilvægir fyrir umhverfis- og vinnuverndarstarf stofnunarinnar. Einnig þarf að taka til endurskoðunar skipulag nefndanna við skipulagsbreytingar um áramót.
- Áhættumat starfa – staðan og öryggismál e. skipulagsbreytingar: NA svæði hefur lokið endurskoðun á áhættumati starfa skv. verklagsreglu sem er í vinnslu - *Greining áhættuþátta og áhættumat starfa*.
- Efnanámskeið og efnabrunnur: Rúmlega 80 starfsmenn tóku þátt í námskeiði Vegagerðarinnar um notkun og meðferð eitrefna og hættulegra efna þann 11. og 18. október 2012. Öryggisblöð merkingarskyldra efna á efnalista Vegagerðarinnar eru vistuð á vefnum.
- U&Ö handbók fyrir verktaka: MBS og ÁR hafa unnið að umhverfis- og öryggishandbók fyrir verktaka og aðra sem starfa fyrir Vegagerðina. Handbókin verður send í yfirlestur til eftirlitsmanns Vegagerðarinnar.
- Innleiðing umhverfisstjórnunar – staðan: MBS fór yfir stöðu innleiðingar umhverfisstjórnunarkerfis skv. ISO 14001 staðlinum og áætlaða innleiðingu árið 2013, sjá meðfylgjandi töflu.
- Varðan: Dómnefndarstörfum er lokið og Varðan var afhent á Ísafirði þann 11. desember. Framkvæmdin sem hlaut Vörðuna er Djúpvegur (61), Eyri/Reykjanes – Hörtná.
- Hvernig skýrslu vill ný stofnun? Umhverfisskýrslu/Umhverfis- og öryggisskýrslu/Sjálfbærnisráðgjafar/Ársskýrslu. Þetta verður rætt nánar á árinu 2013.
- Nýtt fólk í ráðið: Ákveðið var að bíða með tillögur um nýja nefndarmenn þar til eftir sameiningu við Siglingastofnun.
- Önnur mál: Á fundinum komu fram áhyggjur vegna aukins fjölda auglýsingaskilta meðfram vegum landsins. Ákveðið var að MBS myndi skrifa tillögu að grein í *Innanhúss* um lög og reglur

sem gilda um þessi skilti í von um að slík samantekt geti orðið Vegagerðarmönnum til stuðnings í samskiptum við skiltæigendur.

F.h. ráðsins, Matthildur B. Stefánsdóttir



Mynd 49. Bjargtangar (G. Pétur Matthíasson).

VII Staða innleiðingar umhverfiskerfis um áramót 2012 / 2013

Skjöl	Staða 1. jan. 2013	Staða 1. jan. 2012
Stefna og skipulag		
Umhverfisstefna	Útgefið	Útgefið
Skipurit	Útgefið	Útgefið
Ábyrgðarlýsing / starfslýsing	Í endurskoðun	Útgefið
Kerfislýsing	Í vinnslu	Í bið
Vörpun	Í vinnslu	Í bið
Verklagsreglur í ISO 14001		
Greining umhverfispáttá	útgefið	útgefið
Lagalegar og aðrar kröfur	útgefið	útgefið
Vöktun og rekstrarstýring	útgefið	útgefið
Stjórnun umhverfismála	útgefið	útgefið
Viðbúnaður og viðbrögð við umhverfisatviki/slysi eða neyðarástandi	útgefið	útgefið
Verklagsreglur sem eru til í ISO 9001 en þurfa aðlögun fyrir ISO 14001		
<i>Innkaup</i>	Í vinnslu	Í vinnslu
<i>Úrbótaferli</i>	Lokið	Lokið
<i>Fræðsla og þjálfun starfsmanna</i>	Í bið	Í bið
<i>Rýni stjórnenda</i>	Lokið	Í vinnslu
<i>Innri úttektir</i>	Lokið	Lokið
<i>Skjalastýring</i>	Lokið	Lokið
<i>Stýring skráa</i>	Lokið	Lokið
Vinnulýsingar (stoðhandbók áætlana- og umhverfisdeildar)		
Umhverfisáhrif og mat á mikilvægi umhverfispáttá	útgefið	útgefið
Vöktun og rekstrarstýring (fyrir hverja starfsstöð)	útgefið	útgefið
Neyðar og viðbragðsáætlun (fyrir hverja starfsstöð)	Útgefið	Útgefið
Áhættumat vegna neyðarástands	í vinnslu	í vinnslu
Önnur skjöl		
EY-Greining ferla-efnisflæði, orkunotkun	útgefið	útgefið
EY-greining umhverfispáttá	Úrgefið	Úrgefið
Listi yfir umhverfispætti	útgefið	útgefið
Listi yfir eiturefni og hættuleg efni	Útgefið	Útgefið
Listi yfir lagalegar kröfur og aðrar kröfur	Útgefið	Útgefið
EY-Greining laga- og reglugerða	Útgefið	Útgefið
Kröfur til birgja og þjónustuaðila í umhverfismálum	í vinnslu	í vinnslu
Þjálfunar- og fræðsluáætlun um umhverfismál	Í bið	Í bið
Mælanleg markmið	í bið	í bið
Aðgerðaráætlun	Lokið	Lokið
Mælitækjaskrá	í vinnslu	í vinnslu
Stöðumat (undirbúningur f. innri úttektir)		
Þjónustustöðvar og verkstæði	í vinnslu	í vinnslu

